

Ársskýrsla 2021

LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR

Ljósmynd á kápu: Oscar Bjarnason
Ljósmyndir af starfsfólki og stjórn: Birgir Ísleifur Gunnarsson & Ásta Kristjánsdóttir
Hönnun og umbrot: Hermann Sigurðsson

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns 4
Um sjóðinn 5
Ávöxtun og þróun verðbréfamarkaða 6
Iðgjöld og lífeyrir 7
Rekstur og áætlun 9
Áhættustefna 10
Fjárfestingarstefna 11
Tryggingafræðileg staða 12
Sjóðfélagalán 13
Verðbréfaeign og fjárfestingar 14
Helstu eignaflokkar samtryggingardeildar 16
Séreignardeild og tilgreind séreignadeild 18
Stjórn 20
Starfsmenn 21
Stjórnarháttayfirlýsing 22
Hluthafastefna 24
Gagnsæi og nýliðun 25
Samfélagsleg ábyrgð og ábyrgar fjárfestingar 26
Ársreikningur 31
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra 32
Áritun óháðs endurskoðanda 35
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 40
Efnahagsreikningur 41
Sjóðstreymisyfirlit 42
Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris 43
Efnahagsreikningur deilda 44
Sjóðstreymisyfirlit deilda 45
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 46
Skýringar 47

Ávarp stjórnarformanns

Velgengni liðinna ára

Síðustu ár voru Lífsverki gjöful og þá sérstaklega árið 2021. Há raunávöxtun gerir sjóðnum kleift að mæta auknum skuldbindingum vegna hækkandi lífaldurs þjóðarinnar. Eignasafn sjóðsins vex ört og mun gera það áfram þar sem lífeyrisgreiðslur eru lágar enn sem komið er.

Ávöxtun eignasafns og eignastýring

Árið 2021 var gjöfult á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum og hrein raunávöxtun samtryggingar var 11,9%. Raunávöxtun síðustu fimm ára er 6,9% að meðaltali sem er frábær árangur. Ávöxtun séreignarsafna var yfir væntingum á árinu, m.a. vegna góðrar ávöxtunar hlutabréfa.

Skiptast á skin og skúrir

Frá árinu 2008 hafa seðlabankar heimsins staðið fyrir stórtækum inngripum á verðbréfamörkuðum og peningaprentun. Þessar aðgerðir kynda nú undir verðbólgubál sem dregur niður raunávöxtun lífeyrissjóða. Til að takast á við krefjandi umhverfi var eignastýring Lífsverks stækkuð, hún er nú skipuð þremur reynslumiklum sérfræðingum sem eru öllum hnútum kunnugir.

Erfitt er að spá fyrir um framtíð en við vitum að aðstæður er um margt verri nú en á síðustu árum, sérstaklega hvað verðbólgu varðar. Rétt er að vera við öllu búin eftir langa uppsveiflu og huga í vaxandi mæli að áhættu og áhættuvörnum.

Tryggingafræðileg staða

Í lok árs 2021 var tryggingafræðileg staða neikvæð um 0,2%. Sé tekið mið af góðri raunávöxtun eignasafnsins síðustu 10 ár mætti ætla að tryggingafræðileg staða væri sterkari en raun ber vitni. Svo er ekki þar sem mat á skuldbindingum Lífsverks og annarra lífeyrissjóða hefur hækkað með breyttum forsendum á reiknigrunni um lífslíkur eins og nánar er fjallað um í ársskýrslunni. Miðað við óbreyttar forsendur milli ára væri heildarstaðan jákvæð um 8,6%.

Rekstur sjóðsins

Hjá Lífsverki starfa níu starfsmenn í fullu starfi. Sjóðurinn vex ört sem skilar sjóðnum stærðarhagkvæmni. Hlutfall rekstrarkostnaðar af eignum sjóðsins lækkar því enn og er nú 0,23%. Hlutfall fjárfestingargjalda af eignum fer einnig lækkandi en sú þróun skiptir sjóðfélaga miklu máli til lengri tíma litið. Reynslumikið eignastýringarteymi leikur lykilhlutverk í hagræðingu á því sviði.

Þakkir

Við í stjórn Lífsverks þökkum starfsmönnum sjóðsins góð störf á árinu 2021. Vaxandi umsvif og velgengni sjóðsins eru merki um árangur af frábæru starfi.

Nú hef ég sinnt trúnaðarstörfum fyrir sjóðinn frá árinu 2013 en vík úr stjórn á aðalfundi. Á þessum árum hefur orðið mikil breyting á starfsháttum, verklagi og ásýnd sjóðsins. Hlutfall sérfræðinga í starfsliði er hærra en gengur og gerist meðal lífeyrissjóða sem er mikill styrkur. Framkvæmdastjóri sjóðsins, Jón L. Árnason, hefur byggt upp öflugt teymi sem sjóðfélagar mega vera stoltir af. Á þessum tímamótum þakka ég Jóni, stjórnarmönnum og starfsmönnum Lífsverks fyrir farsælt samstarf og óska sjóðnum velfarnaðar.

Björn Ágúst Björnsson,
formaður stjórnar Lífsverks

Um sjóðinn

Lífsverk lífeyrissjóður var stofnaður árið 1954 af Verkfræðingafélagi Íslands og hét sjóðurinn þá Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands og síðar Lífeyrissjóður verkfræðinga. Sjóðurinn var fyrsti lífeyrissjóðurinn sem byggði á aldurstengdum réttindum og tók upp sjóðfélagalýðræði. Stjórn sjóðsins er öll skipuð sjóðfélögum sem kosnir eru í rafrænu stjórnarkjöri, þar sem allir sjóðfélagar hafa kosningarétt.

Lífsverk er blandaður lífeyrissjóður sem starfrækir **samtryggingardeild og séreignar- og tilgreinda séreignardeild**. Sjóðurinn tekur bæði við skylduiðgjaldi í lífeyrissjóð og viðbótarlífeyrisparnaði. Í séreignardeild og tilgreindri séreignardeild býður sjóðurinn þrjár ávöxtunarleiðir með mismunandi áhættustigi, Lífsverk 1, Lífsverk 2 og Lífsverk 3. Í samtryggingardeild stendur sjóðfélögum til boða að velja milli þess að allt iðgjaldið renni í samtryggingarsjóð (samtryggingarleiðin), eða að 10% iðgjald renni í samtryggingarsjóð en það sem umfram er í séreignarsjóð (blandaða leiðin). Leiðirnar eru ólíkar með tilliti til erfanleika og útgreiðslna.

Samtryggingarleiðin felur í sér að allt skylduiðgjaldið rennur til samtryggingardeildar, sem veitir sjóðfélögum aukna tryggingarvernd og hærri ævilangan lífeyri. Réttindaávinnsla fyrir greidd iðgjöld er afar góð hjá sjóðnum. Réttindin felast í greiðslu ævilangs lífeyris, auk tryggingaverndar við starfsorkumissi, þ.e. örorku og barnalífeyri og greiðslu til eftirlifandi maka og barna við fráfall. Tryggingaverndin hefur verið ríkari en hjá mörgum öðrum lífeyrissjóðum. Þá eykst mikilvægi þess að njóta ævilangs lífeyris stöðugt með hækkandi lífslíkum.



Blandaða leiðin er leið þar sem hluti skylduiðgjalds rennur í séreignardeild. Lífsverk er einn fárra lífeyrissjóða sem býður þennan valkost, sem veitir sjóðfélögum aukinn sveigjanleika þegar kemur að útgreiðslu lífeyris. Grunnur þessarar leiðar er sá að vegna góðrar réttindaávinnslu í sjóðnum nægir 10% iðgjald til samtryggingardeildar til þess að standa undir lágmarkstryggingavernd samkvæmt lögum, sem miðast við að á 40 ára inngreiðslutíma ávinni sjóðfélagi sér 56% af meðallaunum í ævilangan lífeyri. Sjóðfélagi hefur því val um að ráðstafa iðgjaldi sem er umfram 10% til samtryggingar eða séreignar. Sá hluti sem rennur til séreignar erfist við andlát og enginn erfðafjárskattur er greiddur ef erfingjar eru maki eða börn. Hægt er að velja milli þriggja ávöxtunarleiða og þannig geta yngri sjóðfélagar og þeir sem hafa meira áhættuþol, valið áhættumeiri leiðir og þeir sem eldri eru dregið úr áhættunni. Sjóðfélagar geta flutt séreign sína milli leiða sér að kostnaðarlausu.

Árið 2014 var nafni sjóðsins breytt í Lífsverk lífeyrissjóður. Samþykktum sjóðsins var breytt á árinu 2015 og inngönguskilyrði rýmkuð, þannig að nú geta allir orðið sjóðfélagar sem lokið hafa grunnnámi frá viðurkenndum háskóla. Lífsverk er eini lífeyrissjóðurinn á Íslandi sem eingöngu er opinn háskólamenntuðum. Öllum er heimilt að greiða viðbótarlífeyrissparnað til séreignardeildar Lífsverks með gerð samnings þar um. Lánareglur sjóðsins hafa verið útvíkkaðar þannig að nú geta þeir sem eingöngu greiða viðbótarsparnað til sjóðsins sótt um lán með sömu kjörum og almennir sjóðfélagar.

Lífsverk hefur vaxið hratt á liðnum árum. Sjóðurinn stækkaði um 21,5% á árinu og námu heildareignir 149,5 milljörðum króna. Hrein eign til greiðslu lífeyris í samtryggingardeild nam 120,5 milljörðum og í séreignar- og tilgreindri séreignardeild 29,0 milljörðum.

Gildi sjóðsins eru:

- Heilindi
- Jákvæðni
- Ábyrgð

Ávöxtun og þróun verðbréfamarkaða

Ávöxtun samtryggingardeildar

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar Lífsverks var 17,3% og hrein raunávöxtun 11,9% fyrir árið 2021, samanborið við 12,8% hreina nafnávöxtun og 9,3% hreina raunávöxtun fyrir árið 2020.

Þróun verðbréfamarkaða

Árið 2021 var hagstætt á eignamörkuðum innanlands sem og víða erlendis og var ávöxtun sjóðsins góð. Úrvalsvísitala innlendra hlutabréfa (OMXI10GI) hækkaði um 34,6%. Erlendar hlutabréfavísitölur hækkuðu einnig, MSCI heimsvísitala hlutabréfa (MSCI All Country World Index) hækkaði um 18,5% og bandaríska S&P500 vísitalan hækkaði um 26,4%, báðar mældar í Bandaríkjadal. Hlutabréf í Evrópu hækkuðu um 22,4% m.v. MSCI Evrópa (MSCI Europe) vísitöluna sem er mæld í evrum. Hlutabréf á nýmarkaðssvæðum m.v. MSCI EM vísitöluna lækkuðu um 4,6% mælt í dollar. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa lækkaði almennt á árinu en krafa óverðtryggðra skuldabréfa hækkaði samfara aukinni verðbólgu og stýrivaxtahækkunum. Ríkisskuldabréfavísitalan OMX hækkaði um 1,2%. Heimsvísitala erlendra skuldabréfa, Bloomberg Global-Aggregate Index, lækkaði á árinu um 4,7% mælt í dollar. Krónan veiktist um 2,5% gagnvart Bandaríkjadal en styrkist gagnvart Evru um 5,4% á árinu. Verðbólga var 4,8% á árinu mælt með vísitölu neysluverðs.

Hrein nafn- og raunávöxtun árin 2021 og 2020

Samtryggingardeild



Hrein raunávöxtun

Samtryggingardeild



Iðgjöld og lífeyrir

Iðgjöld

Samanlögð iðgjöld ársins 2021 námu 6.971 m.kr. og námu samanlagðar lífeyrisgreiðslur 1.740 m.kr. Hlutfall lífeyris af samanlögðum iðgjöldum var 25,0%.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til samtryggingardeildar sjóðsins námu 4.400 m.kr. sem er aukning um 11,0% frá fyrra ári.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.123 og jókst um 3,9% frá fyrra ári. Af þeim eru um 74% karla og 26% konur. Hlutfall kvenna hækkar um 1% milli ára. Meðalaldur virkra sjóðfélaga er 44,7 ár. Fjöldi launagreiðenda sem greiddu í sjóðinn var 1.388 samanborið við 1.269 árið áður. Alls eiga 5.501 réttindi í sjóðnum í lok árs 2021 sem er 4,5% aukning frá fyrra ári.

Iðgjöld - samtryggingardeild	2021	2020	% breyting milli ára
Iðgjöld í m.kr.	4.400	3.963	11,0%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	3.123	3.005	3,9%
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	5.501	5.265	4,5%

Aldurstengd réttindaávinnsla samtryggingardeildar er góð í samanburði við aðra samtryggingarsjóði. Miðað við 12% skylduiðgjald í samtryggingardeild er ávinningur réttinda að meðaltali 1,89% ári en lágmark samkvæmt lögum er 1,40% á ári miðað við 40 ára innborgunartíma. Nýjar réttindatöflur tóku gildi 1.1.2020 og lækkaði ávinningur fyrir hvert iðgjald lítillega við þær breytingar, í samræmi við ákvæði samþykkta um að mismunur á verðmæti iðgjalda og framtíðarskuldbindinga reiknist ekki meira en 3% eða minna en -1% af framtíðarskuldbindingum.

Iðgjöld í séreignardeild námu 2.571 m.kr. Er það hækkun um 10,8% frá fyrra ári. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.353 og jókst um 3,1% frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþega var 129 og lífeyrisgreiðslur voru 275 m.kr. eða sem nemur 10,7% af iðgjöldum.

Iðgjöld
Samtryggingardeild



Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga
Samtryggingardeild



Iðgjöld og lífeyrir (frh)

Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega samtryggingardeildar samanstanda af ævilöngum lífeyri til sjóðfélaga auk maka-, barna- og örorkulífeyris. Tryggingaverndin er betri en tilskilið lágmark samkvæmt lögum og ríkari en hjá mörgum öðrum lífeyrissjóðum.

Á árinu námu lífeyrisgreiðslur í samtryggingardeild 1.465 m.kr. og jukust um 13,5% frá fyrra ári. Hlutfall lífeyrisgreiðslna af iðgjöldum var 33,3% og hækkaði um 0,7% milli ára. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 583 og fjölgaði um 40 milli ára.

Hlutfallsleg skipting lífeyrisgreiðslna var þannig að greiðslur til ellilífeyrisþega voru 82,9% af heildar lífeyrisgreiðslum ársins, eða samtals 1.180 m.kr., makalífeyrir var 8,2% eða 116,7 m.kr., örorkulífeyrir var 7,9% eða 112,0 m.kr. og barnalífeyrir var 1,0% eða 14,3 m.kr.

Örorkutíðni sjóðfélaga er ennþá með því lægsta sem gerist hjá lífeyrissjóðum. Það þýðir að sjóðurinn getur varið hærra hlutfalli af iðgjöldum til eftirlaunagreiðslna en margir aðrir sjóðir.

Lífeyrir	2021	2020	% breyting milli ára
Lífeyrisgreiðslur	1.465	1.291	13,5%
Meðalfjöldi lífeyrisþega	583	543	7,4%

Meðalfjöldi lífeyrisþega
Samtryggingardeild



Lífeyrir
Samtryggingardeild



Rekstur og áætlun

Rekstur sjóðsins gekk vel á árinu 2021. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var 295,5 m.kr. á árinu samanborið við 263,7 m.kr. árið 2020 og hækkar um 12,0% milli ára en áætlun gerði ráð fyrir 11,5% hækkun milli ára. Á árinu var áhættustjóri ráðinn til sjóðsins og voru stöðugildi að meðaltali 8,5 samanborið við 8,0 árið áður. Laun framkvæmdastjóra, forstöðumanns eignastýringar, stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar námu 63,1 m.kr. á árinu 2021 samanborið við 59,3 m.kr. á árinu 2020 og hækka um 6,4% milli ára.

Áætlun ársins 2022 gerir ráð fyrir 23,0% hærri kostnaði en árið 2021 sem skýrist einkum af eflingu eignastýringar með ráðningu nýs starfsmanns og auknu umfangi við rekstur sjóðsins. Áætluð aukning rekstrarkostnaðar er í samræmi við stækkun sjóðsins en á árinu 2021 jókst hrein eign til greiðslu lífeyris um 21,5%. Síðustu ár hefur rekstrarkostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna lækkað jafnt og þétt og fer úr 0,25% 2020 í 0,23% 2021. Góður árangur sjóðsins undanfarin ár ætti að stuðla að aukinni nýliðun en stærðarhagkvæmni er forsenda þess að hægt sé að halda kostnaðarhlutfalli innan ásættanlegra marka.



Áhættustefna

Áhættustefna sjóðsins er sett í samræmi við reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með starfsemi lífeyrissjóða. Hún er yfirfarin og uppfærð árlega.

Tilgangurinn með áhættustefnu sjóðsins er að skilgreina skipulag, umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, að skilgreina þá áhættuþætti sem sjóðurinn vill fylgjast með og hvernig það verður gert. Þá leggur sjóðurinn mat á mikilvægi hvers áhættuþáttar með flokkun sem endurspeglar forgangsröðun við áhættustýringu á hverjum tíma. Metnar eru líkur á tiltekinni áhættu og þeim afleiðingum sem hún gæti valdið.

Áhætta er skilgreind sem hætta á atburði sem dregur úr líkunum á því að lífeyrissjóðurinn nái því meginmarkmiði sínu að greiða út lífeyri samkvæmt samþykktum. Áhætta samtryggingardeildar er því skilgreind sem öll þau atvik sem geta haft marktæk áhrif á getu sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar þannig að tryggingafræðileg staða verði neikvæð til skemmri eða lengri tíma. Áhættan nær bæði til atvika er lúta að eignum og skuldbindingum. Áhætta séreignardeilda er því öll þau atvik sem auka marktækt líkurnar á því að eignir eða réttindi rétthafa skerðist til skemmri eða lengri tíma.

Áhættu sjóðsins er skipt í fjárhagslega áhættu, lausafjáráhættu, mótaðilaáhættu, lífeyristryggingaráhættu (eingöngu samtryggingardeild) og rekstraráhættu.

Fjárhagsleg áhætta

Ársfjórðungslega gerir sjóðurinn ítarlega skýrslu um fjárhagslega áhættu, þar sem farið er ofan í þá áhættuþætti sem taldir eru upp hér fyrir neðan undir fjárhagsleg áhætta.

Ýmsar næmnisgreiningar eru gerðar og áhrif þeirra á eignasafnið metnar. Sem dæmi er vaxtaáhætta verðtryggðra og óverðtryggðra vaxta skoðuð. Þar er mælt hvaða áhrif 1% breyting á vöxtum hefur á markaðsvirði eignasafnsins út frá mismunandi líftíma. Þá eru verðbreytingar helstu gjaldmiðla skoðaðar og hvaða áhrif verðbólga hefur á tryggingafræðilega stöðu.

Einnig eru ýmsar sviðsmyndir settar fram þar sem áhrif ýmissa þátta á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins eru metnar. Þar er verðbólguskot skoðað, miklar verðbreytingar á erlendum og innlendum hlutabréfamörkuðum og sveiflur á gengi krónunnar svo dæmi séu nefnd.

Reiknað er út ársfjórðungslegt og árlegt fé í húfi (e. VaR) miðað við 99% vissu, bæði út frá uppgjöri á kaupkröfu og markaðskröfu. VaR er notað til að meta líkur á tilteknu tapi miðað við núverandi eignasafn og söguleg gögn. Staðalfrávik er notað til að meta sveiflur eignasafna.

Lífeyristryggingar-áhætta	Lausafjáráhætta	Mótaðilaáhætta	Fjárhagsleg áhætta	Rekstraráhætta
• Skerðingaráhætta • Iðgjaldaáhætta • Umhverfisáhætta • Lýðfræðileg áhætta • Réttindaflutnings-áhætta	• Seljanleikaáhætta • Útstreymisáhætta	• Útlánaáhætta • Samþjöppunar-áhætta • Landsáhætta • Afhendingaráhætta • Uppgjörsáhætta	• Vaxta og endur-fjárfestingaáhætta • Uppgreiðslu-áhætta • Markaðsáhætta • Gjaldmiðlaáhætta • Ósamræmisáhætta (á ekki við um séreign) • Verðbólguáhætta • Áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings	• Starfsmannaáhætta • Áhætta vegna svika • Áhætta vegna upplýsingatækni • Orðsporsáhætta • Pólitísk áhætta / lög og reglur • Skjalaáhætta • Úrskurðaráhætta lífeyris • Áhætta vegna útvistunar • Upplýsingaáhætta

Ítarlega er fjallað um áhættuþætti í starfsemi sjóðsins og áhættustýringu í skýringu nr. 30 í ársreikningi.

Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna sjóðsins er mótuð árlega og samþykkti stjórn Lífsverks fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2022 í nóvember 2021. Hver eignaflokkur var metinn út frá stöðu markaða og framtíðarhorfa þar sem litið var til samspils áhættu og ávöxtunar. Við mat á áhættustigi sjóðsins var litið til mats á skuldbindingum hans, framtíðargreiðsluflæði, aldurssamsetningar sjóðfélaga og tryggingafræðilegrar stöðu. Auk þess var samspil eigna og skuldbindinga skoðað út frá því hversu næmt safnið var með tilliti til verðbólgu og breytingu vaxta. Í framhaldi af þessari vinnu var sett fram fjárfestingarstefna sjóðsins.

Fjárfestingarstefna 2022
Samtryggingardeild



Auk markmiða í hverjum eignaflokki eru sett ákveðin vikmörk en tilgangur þeirra er að sjóðurinn geti nýtt sér markaðsaðstæður á hverjum tíma eða brugðist við óvæntum aðstæðum.

Þegar borin er saman eignasamsetning samtryggingardeildar í lok árs 2021 við fjárfestingarstefnu fyrir árið 2022 eru helstu breytingar þær að gert er ráð fyrir því að draga úr hlutfalli ríkisbréfa og auka á móti hlutfall skuldabréfa með álag á ríki. Heildarhlutfall hlutabréfa eykst lítillega en horft er til þess að auka hlut erlendra hlutabréfa á kostnað þeirra innlendu. Samsetning verðbréfasafns samtryggingardeildar við árslok 2021 var innan vikmarka fjárfestingarstefnu sjóðsins. Hlutfall erlendra eigna er á stefnu við árslok 2021. Markmið sjóðsins til lengri tíma er að auka enn vægi erlendra eignaflokka. Lögð er áhersla á virka áhættudreifingu í eignasafninu en markmið sjóðsins er að hámarka ávöxtun til lengri tíma litið að teknu tilliti til áhættu

Fjárfestingarstefna 2022 og eignastaða við árslok 2021
Samtryggingardeild



Viðmið eignaflokka

Hver undirflokkur eigna hefur sitt viðmið og er árangur og flökt hvers flokks borin reglulega saman við árangur og flökt viðmiðs. Viðmið eignaflokka eru í töflu hér fyrir neðan.

Eignaflokkur	Vísitala	Auðkenni
Lausafé	Hagkvæmustu vextir sem Lífsverk býðst á innlánsreikningum lánastofnana hverju sinni	-
Ríkisskuldabréf	Markaðsvegin vísitala ríkisskuldabréfa OMX	NOMXIBB
Fyrirtækjaskuldabréf	Vísitala fyrirtækjaskuldabréfa	KVIKAc
Skuldabréf lánastofnana	Vísitala sértryggðrar útgáfu bankastofnana	KvikaAcb
Skuldabréf sveitarfélaga	Skuldabréfavísitala sveitarfélaga og opinberra fyrirtækja	KVIKAp
Veðskuldabréf	Kaupkrafa safns við áramót 2021/2022	-
Erlend skuldabréf	Bloomberg Global Aggregate TR (Heimsvísitala skuldabréfa)	LEGATRUU
Innlend hlutabréf	Markaðsvegin hlutabréfavísitala OMX (hámark útgefenda 35%)	KVIKAeqcap
Erlend hlutabréf	MSCI AC (heimsvísitala hlutabréfa)	NDUEACWF

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg athugun er gerð af tryggingastærðfræðingi sjóðsins. Í henni felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda, sem metið er samkvæmt tryggingafræðilegri aðferð, við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfsemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem leyfilegur er milli eignaliða og skuldbindinga án þess að gera þurfi nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Ef munur eigna og skuldbindinga fer upp fyrir 10% eða helst meiri en 5% samfellt í 5 ár þarf samkvæmt lögum að skerða eða auka réttindi sjóðfélaga.

Útreikningur á tryggingafræðilegri stöðu í lok árs 2021 byggir á nýjum dánar- og lífslíkum sem samþykktar voru af fjármálaráðherra að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Nýjar dánar- og lífslíkur eru reiknaðar miðað við breyttar forsendur á reiknigrunni um lífslíkur, þar sem byggt er á spá um lífslíkur en ekki sögulegum gögnum eins og líkurnar voru áður byggðar á.

Lífeyrissjóðir hafa val um það hvort þessi nýja aðferð við mat á dánar- og lífslíkum verði lögð til grundvallar tryggingafræðilegu mati í ársreikningi 2021 en nýju aðferðina ber þó að taka upp innan tveggja ára. Lífsverk hefur ákveðið að taka hina nýju aðferð upp strax. Samkvæmt henni verður heildarstaða sjóðsins neikvæð um 0,2%, þar sem staða áfallinna skuldbindinga er jákvæð um 5,6% en staða framtíðarskuldbindinga er neikvæð um 10,6%. Í samræmi við ákvæði samþykkta um að mismunur á verðmæti iðgjalda og framtíðarskuldbindinga reiknist ekki meira en 3% eða minna en -1% af framtíðarskuldbindingum mun réttindatöflum sjóðsins verða breytt frá og með næstu áramótum til að endurspegla sanngjarna réttindaávinnslu.

Góð ávöxtun sjóðsins á árinu hefði haft verulega jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu ef áfram hefði verið byggt á eldri dánar- og lífslíkum. Þá hefði heildarstaða sjóðsins verið jákvæð um 8,6% samanborið við 1,2% jákvæða stöðu í árslok 2020.

Tryggingafræðileg staða



Hlutfall heildareigna af heildarskuldbindingum



Sjóðfélagalán

Sjóðfélagar og rétthafar í séreign hafa lánsrétt hjá sjóðnum en þurfa að greiða lágmarksiðgjald á ári til að njóta bestu lánakjara. Hámarksfjárhæð grunnlána er 70 m.kr. og viðbótarlána 30 m.kr. Sjóðfélagar geta því tekið allt að 100 m.kr. lán hjá sjóðnum. Lágmarkslán er 2 m.kr. Heimilt er að taka fleiri en eitt grunnlán og viðbótarlán upp að þessum mörkum svo fremi að veðhlutfall leyfi en lánað er upp að 70% af markaðsvirði fasteigna samkvæmt nýlegum kaupsamningi. Miðað er við gildandi fasteignamat við endurfjármögnun. Lánstími er frá 5 – 40 árum. Ekkert uppgreiðslugjald er á lánunum og lántakendur geta greitt inn á höfuðstól lána að vild.

Sjóðfélögum, sem eru að kaupa sína fyrstu eign, gefst kostur á láni upp að 85% veðhlutfalli af söluvirði samkvæmt kaupsamningi. Með því vill stjórn sjóðsins sérstaklega koma til móts við þá sjóðfélaga sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign. Sjóðfélagar geta valið milli verðtryggðra lána með breytilegum eða föstum vöxtum, eða óverðtryggðra lána með breytilegum vöxtum.

Nokkur lækkun hefur verið í lánveitingum frá síðasta ári. Heildarfjárhæð nýrra sjóðfélagalána nam 3.223 m.kr. en á árinu 2020 námu ný lán til sjóðfélaga 4.201 m.kr. Heildarfjárhæð sjóðfélagalána í árslok 2021 nam 14.455 m.kr. í samanburði við 16.424 m.kr. í árslok 2020 og lækkar um 12% milli ára. Sjóðurinn hefur verið þekktur fyrir hagstæð lán til sjóðfélaga og hefur ekki orðið breyting á þeirri stefnu en samkeppni á lánamarkaði hefur hins vegar aukist mjög á síðustu árum. Þess hefur einkum gætt frá bönkum og fjármálafyrirtækjum sem hafa boðið hagstæð óverðtryggð íbúðalán í auknum mæli og hafa margir notað tækifærið til endurfjármögnunar á eldri lánum. Sjóðfélagalán eru góður eignaflokkur hjá sjóðnum og vanskil hafa verið fátíð, enda sjóðfélagar almennt góðir og traustir greiðendur.

Hlutfall sjóðfélagalána af hreinni eign samtryggingardeildar var 12,0% og lækkar um 4,4% milli ára.

Ný sjóðfélagalán



Staða sjóðfélagalána í lok árs



Verðbréfaeign og fjárfestingar

Verðbréfaeign

Alls nam verðbréfaeign samtryggingardeildar 120.512 m.kr. í lok árs 2021 en var 99.829 m.kr. í lok ársins 2020 . Hrein eign samtryggingardeild var 120.543 m.kr. í árslok 2021 í samanburði við 100.072 m.kr. árið áður og hafði því aukist um 20,5%.

Lausafé var 3,0% af hreinni eign í árslok 2021. Samtals voru innlend skuldabréf 41,8% þar af voru veðskuldabréf 20,3% og önnur innlend skuldabréf voru 21,6%. Erlend skuldabréf vógu 5,5%. Samtals voru skuldabréf 47,3% af hreinni eign. Innlend hlutabréf voru 27,2%, og erlend hlutabréf voru 22,5%, samtals vógu hlutabréf 49,7% af hreinni eign samtryggingardeildar. Vægi hlutabréfa, innlendra og erlenda hefur hækkaði milli ára en vægi skuldabréfa lækkað.

Hlutfall erlendra eigna var nálægt stefnu um síðastliðin áramót en eignir samtryggingardeildar í erlendum gjaldmiðlum námu 29,4% í árslok samanborið við 25,6% í árslok 2020. Meirihluti eigna samtryggingardeildar var í íslenskum krónum eða um 70,6% eigna. Eignir í erlendum myntum voru í dollar og evrum en aðrar myntir voru hverfandi. Rétt er þó að minna á að gjaldmiðlaskipting undirliggjandi eigna erlendis er önnur en þessi skipting gefur til kynna.

Verðbréfaeign í árslok 2021 og 2020
Samtryggingardeild



Innlend og erlend verðbréfaeign í árslok 2021 og 2020
Samtryggingardeild



Skipting eigna eftir gjaldmiðlum í árslok 2021
Samtryggingardeild



Fjárfestingar

Samtryggingardeild Lífsverks fjárfesti samtals fyrir 29.066 m.kr. á árinu 2021 en seldi verðbréf eða fékk afborganir af skuldabréfum fyrir 26.002 m.kr., nettó fjárfestingar voru því 3.063 m.kr. Mest var fjárfest í erlendum hlutabréfum og innlendum skuldabréfum á árinu. Veðskuldabréf, sem samanstanda af sjóðfélagalánum og öðrum veðlánum, voru með nettó útstreymi þar sem uppgreiðsla sjóðfélagalán á árinu vóg þungt.

Kaup og sala á árinu 2021

Samtryggingardeild



Nettó fjárfesting á árinu 2021

Samtryggingardeild



Helstu eignaflokkar

Verðbréfasafn samtryggingardeildar Lífsverks samanstendur af fjölda eigna sem eru í mismunandi eignaflokkum. Hér á eftir verður fjallað stuttlega um helstu eignflokka í safninu sem eru innlend skuldabréf, innlend hlutabréf og erlend hluta- og skuldabréf sem fjallað verður um sameiginlega undir erlendum verðbréfum.

Innlend skuldabréf

Safn innlendra skuldabréfa nam samtals 50.417 m.kr. í árslok 2021 eða 41,8% að heildarsafni. Sjóðfélagalán eru stærsti hluti safns innlendra skuldabréfa og þar á eftir eru önnur veðskuldabréf. Skuldabréf með ábyrgð ríksins hafa farið minnkandi undanfarin ár en Ríkissjóður er enn stærsti einstaki útgefandi í safni skuldabréfa samtryggingardeildar Lífsverks

Skipting innlends skuldabréfasafns í árslok 2021
Samtryggingardeild



Innlent skuldbréfasafn, 10 stærstu útgefendur í árslok 2021 (% af verðbréfaeign)
Samtryggingardeild



Innlend hlutabréf

Virði innlends hlutabréfasafns nam 32.735 m.kr. í árslok 2021 eða 27,2% af heildarsafni. Innlent hlutabréfasafn er að mestu í skráðum hlutabréfum á Aðallista Nasdaq Iceland og First North. Stærsta einstaka eignin er í Arion banka og Marel.

Óskráð hlutabréfaeign er að mestu í framtaks-, nýsköpunar- og innviðasjóðum og í félögum utan um einstakar fjárfestingar á innlendum markaði auk þess á sjóðurinn í nokkrum einstökum óskráðum hlutabréfum.

Skipting innlends hlutabréfasafns í árslok 2021
Samtryggingardeild



Innlent hlutabréfasafn, 10 stærstu eignir í árslok 2021 (% af verðbréfaeign)
Samtryggingardeild



Erlend verðbréf

Erlend verðbréf eru erlend hluta- og skuldabréf og nam samtals virði þeirra eigna 33.732 m.kr. í árslok 2021 eða 28,0% af heildarsafni. Þessi eignaflokkur er að meginupplagi skráðir erlendir hlutabréfasjóðir. Stærstu eignir eru sjóðastýringarsafn hjá GAM sem í eru 11 sjóðir, UFS vísitölusjóður hjá Vanguard auk sérgreinds UFS safns erlendra hlutabréfa. Óskráð hlutabréf eru aðallega í framtaks-, innviða- og fasteignasjóðum. Skuldabréf eru einnig að mestu í skráðum sjóðum en sjóðurinn á einnig í óskráðum skuldabréfasjóðum.

Skipting erlends verðbréfasafns í árslok 2021
Samtryggingardeild



Erlent verðbréfasafn, 10 stærstu skráðar eignir í árslok 2021 (% af verðbréfaeign)
Samtryggingardeild



Ávöxtun eignaflokka

Árið 2021 var hagstætt á flestum verðbréfamörkuðum enda var ávöxtun samtryggingardeildar Lífsverks góð á árinu 2021 eða 17,3% hrein nafnávöxtun og hrein raunávöxtun var upp á 11,9%. Safn innlendra hlutabréfa skilaði 42,4% nafnávöxtun á árinu sem lagði grunn að góðri ávöxtun sjóðsins á árinu sem erlend hlutabréf gerðu einnig en þau skiluðu sömuleiðis hárri nafnávöxtun eða 22,3%. Innlend skuldabréf skiluðu ágætri ávöxtun eða á bilinu 4,2% til 8,8% nafnávöxtun. Þess ber að geta að hluti eignasafns Lífsverks í skuldabréfum er gerður upp á kaupkröfu og breytingar á ávöxtunarkröfu hafa því takmörkuð áhrif á skuldabréfasafn sjóðsins.

Nafnávöxtun eignaflokka á árinu 2021
Samtryggingardeild



Séreignardeild og tilgreind séreignardeild

Öllum er heimilt að greiða viðbótarlífeyrissparnað til séreignardeildar Lífsverks með gerð samnings þar um. Erfitt er að finna sparnaðarform sem stenst samanburð við viðbótarlífeyrissparnað.

Í maí 2014 voru samþykkt lög á Alþingi sem heimila skattfrjálsa ráðstöfun iðgjalda séreignarsparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána eða til húsnæðiskaupa. Heimildin var upphaflega tímabundin til 30. júní 2019 en hefur verið framlengd og gildir nú til 30. júní 2023. Lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð voru samþykkt á Alþingi í október 2016. Samkvæmt þeim má nýta séreignarsparnað skattfrjálst í allt að 10 ár vegna fyrstu kaupa, sem hluta af útborgun og síðan greiðslur inn á höfuðstól verðtryggðra lána eða inn á afborganir og höfuðstól óverðtryggðra lána.

Alþingi samþykkti á árinu 2020 að heimila tímabundna útgreiðslu séreignarsparnaðar til að mæta áhrifum COVID-19 en með ákvæðinu var heimilað að taka út allt að 12 milljónir króna á 15 mánaða tímabili, frá apríl 2020 til loka desember 2021. Alls nýtti 71 rétthafi Lífsverks þessa heimild og námu útgreiðslur samtals 204 milljónum kr., þar af 68 milljónum á árinu 2021.

Þegar valin er blönduð leið hjá sjóðnum greiðast 10% af skylduiðgjaldi í samtryggingarleið en það sem umfram er rennur til séreignar viðkomandi sjóðfélaga. Skylduiðgjald er 12% samkvæmt lögum. Árið 2016-2018 hækkaði iðgjaldið í áföngum upp í 15,5% samkvæmt flestum kjarasamningum á almennum markaði, með svonefndu SALEK samkomulagi. Hækkunin tekur einungis til mótframlags launagreiðanda en framlag launþega er áfram óbreytt. Með því að velja blönduðu leiðina gefst sjóðfélögum aukið svigrúm til úttektar á lífeyri og meiri sveigjanleiki við starfslok. Þannig er heimilt samkvæmt lögum að hefja úttekt á séreignarsparnaði við 60 ára aldur með eingreiðslu eða jöfnum greiðslum yfir tiltekið tímabil. Úttektarmörk tilgreindrar séreignar eru miðuð við 62 ára aldur. Séreign erfist við fráfall sjóðfélaga og ef erfingjar eru maki eða börn greiðist enginn erfðafjárskattur.

Við mótun nýrrar fjárfestingarstefnu séreignarleiðanna fyrir árið 2022 voru gerðar lítilsháttar breytingar á fjárfestingarstefnu leiðanna. Í Lífsverki 1 og 2 var hlutfall skuldabréfa lánastofnana lækkað en hlutfall fyrirtækja- og veðskuldabréfa hækkað á móti í Lífsverki 1 en hlutfall veðskuldabréfa í Lífsverki 2. Stefnu leiðanna um hlutfall hlutabréfa var haldið óbreyttri. Engar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu Lífsverks 3. Allar séreignarleiðir eru að megninu til í auðseljanlegum eignum og áfram er því ekki þörf fyrir að vera með háar fjárhæðir í lausu fé.

Á árinu 2022 verður áfram lögð áhersla á að rýna fjárfestingar séreignar með til liti til stefnu Lífsverks í ábyrgum fjárfestingum svo öll þau markmið sem stjórn sjóðsins hefur sett sér þar, endurspeglist í fjárfestingum leiðanna þriggja.

Sjóðfélagar geta fært séreign á milli ávöxtunarleiða sjóðsins endurgjaldslaust eða ákveðið að breyta um ávöxtunarleið sem greitt er til með því að fylla út beiðni þar um. Við hvetjum sjóðfélaga til þess að skoða áhættuþol sitt sem getur breyst með





hækkandi aldri og þegar nær dregur töku lífeyris. Sjóðfélögum er velkomið að hafa samband við starfsmenn sjóðsins til að fara yfir áhættustig og eignasamsetningu séreignarleiðanna.

Jákvæð nafnávöxtun var á öllum séreignarleiðum Lífsverks á árinu 2021 og hrein raunávöxtun Lífsverks 1 og Lífsverks 2 var með miklum ágætum. Hins vegar var hrein raunávöxtun Lífsverks 3 neikvæð, sem skýrist af lágu raunvaxtastigi, auk þess sem varfærin fjárfestingarstefna leiðarinnar naut ekki góðs af þeim miklu hækkunum sem urðu á hlutabréfamörkuðum á árinu. Séreignarleiðirnar eru gerðar upp á markaðsvirði og er gengi reiknað daglega. Fjárfestingarstefna séreignarleiðanna kveður á um markmið eignasamsetningar verðbréfa eftir helstu eignaflokkum með ákveðnum vikmörkum.

Lífsverk 1

Nafnávöxtun Lífsverks 1 var 22,9% á árinu 2021 og hrein raunávöxtun 17,3%. Iðgjöld námu 550 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 23 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 4.583 m.kr. Alls greiddu 730 sjóðfélagar að jafnaði iðgjald í leiðina á árinu og 17 fengu greiddan lífeyri.

Lífsverk 2

Nafnávöxtun Lífsverks 2 var 14,9% á árinu 2021 og hrein raunávöxtun 9,6%. Iðgjöld námu 1.969 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 249 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 23.735 m.kr. Alls greiddu 2.481 sjóðfélagar að jafnaði iðgjald í leiðina á árinu og 105 fengu greiddan lífeyri.

Lífsverk 3

Nafnávöxtun Lífsverks 3 var 3,1% á árinu 2021 og hrein raunávöxtun -1,7%. Iðgjöld námu 51 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 2,6 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 654 m.kr. Alls greiddu 142 sjóðfélagar að jafnaði iðgjald í leiðina á árinu og 7 fengu greiddan lífeyri.







Stjórn

Stjórn lífeyrissjóðsins er skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, sem skipaðir eru til þriggja ára í senn. Tvö ár í röð eru tveir aðalmenn kosnir í rafrænu stjórnarkjöri og tveir varamenn á aðalfundi. Þriðja árið er einn aðalmaður kosinn í rafrænu kjöri og einn til vara á aðalfundi.

Á árinu 2022 ber að kjósa um einn aðalmann í stjórn til næstu þriggja ára, óháð kyni, og einn varastjórnarmann. Tvö framboð bárust um sæti í aðalstjórn.

Á árinu 2021 kom Agnar Kofoed-Hansen að nýju í stjórn en Gnýr Guðmundsson fór í varastjórn. Aðrar breytingar voru ekki á skipun stjórnar.

Í stjórn eru (kjörtímabili lýkur):
Björn Ágúst Björnsson, formaður (2022)
Eva Hlín Dereksdóttir, varaformaður (2024)
Agnar Kofoed-Hansen (2024)
Margrét Arnardóttir (2023)
Þorbergur Steinn Leifsson (2023)

Varastjórnarmenn:
Arnar Ingi Einarsson (2022)
Bergur Ebbi Benediktsson (2023)
Gnýr Guðmundsson (2024)
Halla Guðrún Jónsdóttir (2023)
Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (2024)

Stjórnin kom saman 13 sinnum frá síðasta aðalfundi. Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar. Samkvæmt lögum um ársreikninga skulu einingar tengdar almannahagsmunum, þar á meðal lífeyrissjóðir, starfrækja endurskoðunarnefnd.

Í endurskoðunarnefnd starfsárið 2021 – 2022 eru:
Margrét Arnardóttir, formaður
Jóhann Þór Jóhannsson
Thomas Möller

Björn Ágúst Björnsson,
stjórnarformaður

Eva Hlín Dereksdóttir
varaformaður

Agnar Kofoed-Hansen

Margrét Arnardóttir

Þorbergur Steinn Leifsson

Starfsmenn

Árni Grétarsson, fjármálastjóri

Elísabet Katrín Jósefsdóttir, móttaka og iðgjaldaskráning

Eymundur Freyr Þórarinsson, sjóðstjóri í eignastýringu

Guðrún Inga Ingólfsdóttir, forstöðumaður eignastýringar

Herdís Óskarsdóttir, bókhald og lífeyrismál

Ísleifur Orri Arnarson, áhættustjóri

Jón L. Árnason, framkvæmdastjóri

Svanhildur Sigurðardóttir, markaðs- og kynningarstjóri

Þórhallur S. Barðason, verðbréfabókhald

Starfsmenn:
Í árslok 2021 störfuðu 9 starfsmenn hjá sjóðnum:
Árni Grétarsson, fjármálastjóri
Elísabet Katrín Jósefsdóttir, móttaka og iðgjaldaskráning
Eymundur Freyr Þórarinsson, sjóðstjóri í eignastýringu
Guðrún Inga Ingólfsdóttir, forstöðumaður eignastýringar
Herdís Óskarsdóttir, bókhald og lífeyrismál
Ísleifur Orri Arnarson, áhættustjóri
Jón L. Árnason, framkvæmdastjóri
Svanhildur Sigurðardóttir, markaðs- og kynningarstjóri (í veikindaleyfi)
Þórhallur S. Barðason, verðbréfabókhald

Sjóðfélagar eru velkomnir á skrifstofu sjóðsins að Engjateigi 9 til að leita ráðgjafar um lífeyrismál eða annað sem snýr að rekstri sjóðsins. Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9 – 16. Einnig má senda erindi í tölvupósti á lifsverk@lifsverk.is eða hafa samband í síma 5751000.

Stjórnarháttayfirlýsing
Mars 2022

Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari eru uppfylltar kröfur sem fram koma í 51. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Yfirlýsing þessi er hluti af skýrslu stjórnar með ársreikningi 2021.

Lífsverk lífeyrissjóður leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur til hliðsjónar Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Sjóðurinn víkur þó að hluta frá leiðbeiningunum, einkum þar sem efnistök eiga ekki við um lífeyrissjóði. Má þar helst nefna atriði sem varða hluthafafundi og hluthafa, starfskjarastefnu, starfskjaranefnd og tilnefningarnefnd. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á www.leidbeiningar.is.

Lífsverk lífeyrissjóður starfar á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og samþykkta sjóðsins. Lög og reglur sem varða starfsemi lífeyrissjóða er hægt að nálgast á heimasíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, www.fme.is. Hlutverk sjóðsins er að veita viðtöku iðgjaldi sjóðfélaga og ávaxta það ásamt því að greiða sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og við andlát þeirra maka- og barnalífeyri. Lífeyrissjóðurinn veitir samþætt lífeyrisréttindi á grundvelli iðgjalds sem skiptist milli samtryggingar- og séreignardeilda sjóðsins. Til séreignardeilda greiðast ennfremur viðbótariðgjöld skv. ákvörðun sjóðfélaga.

Stjórn sjóðsins hefur sett Samskipta- og siðareglur fyrir starfsmenn og stjórnarmenn sjóðsins. Reglunum er ætlað að stuðla að góðum og heiðarlegum starfsháttum og samskiptum, að viðhalda trausti sjóðfélaga og viðskiptaaðila, efla trúverðugleika sjóðsins og draga úr hugsanlegri rekstrar- og orðsporsáhættu. Þá er þeim ætlað að draga fram gildi sjóðsins sem stjórnarmenn og starfsmenn byggja á í sínum störfum, sem eru: Heilindi, jákvæðni, ábyrgð. Í reglunum er m.a. fjallað um góða starfshætti, þagnarskyldu og meðferð trúnaðarupplýsinga, samfélagslega ábyrgð og reglur um gjafir, boðsferðir og starfstengdar ferðir. Reglurnar eru birtar á vefsvæði sjóðsins.

Stjórn hefur einnig sett sér Upplýsingastefnu, þar sem meðal annars kemur fram að vilji er til þess að sjóðurinn standi framarlega í því að nýta sér þá tækni sem gagnast getur við upplýsingagjöf til sjóðfélaga og ástundi reglulega þróun á framsetningu upplýsinga. Upplýsingastefna stjórnar er birt á vefsvæði sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefur sett Hluthafastefnu, sem gildir um fjárfestingar sjóðsins í skráðum og óskráðum hlutafélögum. Tilgangur stefnunnar er að stuðla að auknu gagnsæi og upplýsingagjöf til sjóðfélaga og upplýsa aðra hagsmunaaðila um afstöðu sjóðsins til stjórnarhátta í þeim félögum sem sjóðurinn á hlut í. Jafnframt er stefnunni ætlað að skapa aðhald gagnvart þeim fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í á hverjum tíma. Hlutahafastefna er birt á vefsvæði sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefur sett stefnu um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar, þar sem sett eru fram markmið með ábyrgum fjárfestingum og markmið um ábyrgð í rekstri og umhverfi. Markmið Lífsverks er að vera í fararbroddi lífeyrissjóða á Íslandi þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð. Stefna sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar er birt á vefsvæði sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefur sett stefnu um meðferð persónuupplýsinga sem byggir á lögum 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þar kemur fram að sjóðurinn leggur sig fram við að meðhöndla persónuupplýsingar af ábyrgð og trúnaði, safna aðeins þeim gögnum sem nauðsynleg eru í starfsemi sjóðsins, afhenda þau ekki þriðja aðila nema að fengnu samþykki og farga um leið og unnt er. Sjóðfélagar geta óskað eftir aðgangi að eigin persónuupplýsingum sem sjóðurinn vistar um þá og tekur sjóðurinn slíkar beiðnir til greina svo fremi lög og reglugerðir eða réttindi annarra standi ekki í vegi fyrir því.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans og skal sjá til þess að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og samþykkta sjóðsins. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún hefur skilgreint skipulag innra eftirlits þar sem meginatriði innra eftirlits sjóðsins koma fram, sbr. 8. tl. 29. gr. laga nr. 129/1997.

Stjórn sjóðsins hefur mótað áhættustefnu í samræmi við reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Í áhættustefnunni er fjallað um áhættuþætti í rekstri sjóðsins, s.s. markaðsáhættu, gjaldmiðlaáhættu og mótaðilaáhættu. Áhættustjóri tekur saman áhættuyfirlit og leggur fyrir stjórn ársfjórðungslega, þar sem fjallað er um helstu áhættur og greiningar á þeim miðað við stöðu sjóðsins og framtíðarhorfur. Áhættuskýrslur eru einnig lagðar fyrir stjórn ársfjórðungslega. Markmiðið með skýrslunum er að stjórn og þeir sem starfa við rekstur og eignastýringu sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu sjóðsins og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk.

Stjórn sjóðsins samanstendur af 5 stjórnarmönnum og 5 til vara. Stjórnarmenn eru kosnir með rafrænum kosningum af sjóðfélögum sjálfum en varastjórnarmenn eru kosnir á aðalfundi sjóðsins. Stjórnarmenn og varastjórnarmenn eru kosnir til 3 ára í senn og mega lengst sitja í stjórn í þrjú kjörtímabil. Aðalmenn í stjórn sjóðsins eru; Björn Ágúst Björnsson, formaður, Eva Hlín Dereksdóttir, varaformaður, Agnar Kofoed-Hansen,

Margrét Arnardóttir og Þorbergur Steinn Leifsson. Stjórn hefur metið óháði stjórnarmanna í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og er það niðurstaða stjórnar að allir stjórnarmenn teljist vera óháðir. Stjórn skal sjá um að skipulag sjóðsins og starfsemi séu jafnan í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur sem gilda um sjóðinn. Hlutverk stjórnar er skilgreint í samþykktum og starfsreglum stjórnar. Auk þess hefur stjórn sjóðsins lögbundnu hlutverki að gegna. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsvæði sjóðsins. Stjórn sjóðsins hélt 13 stjórnarfundi á árinu 2021 og mættu stjórnarmenn á alla fundi.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar. Hlutverk hennar fer eftir ákvæðum laga um ársreikninga en samkvæmt þeim skulu einingar tengdar almannahagsmunum, þar á meðal lífeyrissjóðir, starfrækja endurskoðunarnefnd. Tveir nefndarmenn úr hópi sjóðfélaga eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn og stjórn sjóðsins skipar þriðja nefndarmanninn. Nefndina skipa Margrét Arnardóttir, formaður, Jóhann Þór Jóhannsson og Thomas Möller. Stjórn hefur sett nefndinni starfsreglur þar sem fram kemur m.a. markmið, heimildir, skipulag, fundarstörf, hlutverk og ábyrgð. Endurskoðunarnefnd hélt 4 fundi á árinu 2021. Starfsreglur endurskoðunarnefndar eru aðgengilegar á vefsvæði sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og gerir við hann ráðningarsamning. Stjórnin setur reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá setur stjórnin verklagsreglur um verðbréfaviðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fær þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga nr. 129/1997, reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim og samþykktum sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á fundum hlutafélaga sem sjóðurinn á hluti í, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Jón L. Árnason.

Forstöðumaður eignastýringar er Guðrún Inga Ingólfsdóttir. Hún heyrir undir framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á daglegum rekstri eignastýringar, tekur þátt í mótun fjárfestingarstefnu og kemur að framkvæmd einstakra þátta áhættustefnu. Hún er skilgreind sem lykilstarfsmaður.

Ábyrgðarmaður áhættustýringar er Ísleifur Orri Arnarson. Hann er skilgreindur sem lykilstarfsmaður. Hann ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu. Hann fylgir eftir að ársfjórðungslegar skýrslur um fjárhagslega áhættu séu gerðar og kynnir þær fyrir stjórn. Hann heyrir undir framkvæmdastjóra en hefur beinan aðgang að stjórn.

Fjármálastjóri er Árni Grétarsson. Hann sinnir skrifstofustjórn, ber ábyrgð á veitingu sjóðfélagalána, lífeyrisúrskurðum, upplýsingatæknimálum og innheimtu sjóðsins og sér um gerð árshlutauppgjörs og ársuppgjörs. Hann er skilgreindur sem lykilstarfsmaður.

Persónuverndarfulltrúi sjóðsins er Svanhildur Sigurðardóttir. Hún hefur umsjón með eftirfylgni persónuverndarstefnu, tekur við beiðnum einstaklinga um aðgang að eigin persónuupplýsingum og er tengiliður sjóðsins við Persónuvernd.

Deloitte ehf. annast innri endurskoðun sjóðsins. Sif Einarsdóttir, endurskoðandi, er þar í forsvari. Ytri endurskoðandi er Kristinn Freyr Kristinsson, PwC ehf. Tryggingastærðfræðingur sjóðsins er Bjarni Guðmundsson.

Einfalt skipurit sjóðsins má sjá hér:



Aðalfund sjóðsins skal halda fyrir lok maímánaðar ár hvert og eiga allir sjóðfélagar rétt til fundarsetu með tillögu- og atkvæðisrétti. Á aðalfundi skal taka fyrir skýrslu stjórnar, kynningu ársreiknings, gera grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, gera grein fyrir fjárfestingarstefnu, greina frá niðurstöðu stjórnarkjörs, kjósa varastjórnarmenn, kjósa endurskoðendur og tvo fulltrúa í endurskoðunarnefnd, leggja fram tillögur á breytingum á samþykktum sjóðsins þegar þær liggja fyrir, ákvarða laun stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar, ræða önnur mál löglega upp borin.

Samþykkt á stjórnarfundi Lífsverks lífeyrissjóðs 16. mars 2022

Hluthafastefna

Stefna þessi gildir um fjárfestingar Lífsverks í skráðum og óskráðum hlutafélögum. Tilgangur stefnunnar er að stuðla að auknu gagnsæi og upplýsingagjöf til sjóðfélaga og upplýsa aðra hagsmunaaðila, svo sem stjórnendur og aðra hluthafa, um afstöðu Lífsverks til stjórnarhátta í þeim félögum sem sjóðurinn á hlut í. Jafnframt er stefnunni ætlað að skapa aðhald gagnvart þeim fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í á hverjum tíma.

Markmið Lífsverks er að ávaxta eignasafn sjóðsins með sem bestum hætti með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Sjóðurinn er langtímafjárfestir og leggur áherslu á að þeim félögum sem sjóðurinn fjárfestir í sé stýrt með langtímahagsmuni þeirra í huga.

Lífsverk leitast við að kanna hvort fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í fylgi viðurkenndum leiðbeinandi reglum um góða stjórnarhætti, ábyrgar fjárfestingar, samfélagslega ábyrgð og samskipta- og siðareglur á fjármagnsmarkaði.

Atkvæðagreiðsla sjóðsins á hluthafafundum skal alltaf mótast af áherslum þessarar hluthafastefnu.

Hluthafafundir

Lífsverk leitast við að sækja hluthafafundi þeirra félaga sem sjóðurinn á eignarhlut í. Framkvæmdastjóri fer með atkvæðisrétt sjóðsins á hluthafafundum eða annar sá aðili sem hann veitir umboð til að fara með atkvæðið. Lífsverk gengur út frá því að stjórn félags leitist ávallt við að gæta sem best langtímahagsmuna félagsins, sem fari saman við hagsmuni sjóðfélaga og því styður Lífsverk almennt tillögur stjórnar á hluthafafundum.

Val á stjórnarmönnum

Lífsverk leitast við að tilnefna fulltrúa í stjórnir fyrirtækja eigi sjóðurinn þess kost í krafti eignarhalds, ýmist einn eða í samstarfi við aðra hluthafa. Gerð er krafa til stjórnarmanna um að menntun þeirra og hæfi fái samrýmst þeirri ábyrgð sem þeir takast á hendur með stjórnarsetu í félaginu og að viðkomandi stjórnarmaður hafi tíma til að rækja störf sín af heilindum. Lífsverk leggur áherslu á að stjórnarmenn sem sjóðurinn tilnefnir eða styður opinberlega við kjör í stjórn fyrirtækis kynni sér hluthafastefnu sjóðsins og að viðkomandi einstaklingur sé líklegur til að vinna félaginu heilt til langs tíma og skamms. Lífsverk hefur ekki bein afskipti af stjórnarstörfum viðkomandi einstaklings eftir að hann hefur verið kosinn í stjórn þess fyrirtækis sem sjóðurinn fjárfestir í.

Stjórnarmenn Lífsverks taka ekki sæti í stjórn þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í, né heldur framkvæmdastjóri, nema með sérstöku samþykki stjórnar sjóðsins. Starfsmenn sjóðsins geta tekið sæti í stjórnum, fjárfestingarráðum og ráðgjafarráðum fyrirtækja sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum tengdum starfsemi sjóðsins, eða fyrirtækjum sem sjóðurinn á hlut í og hafa eingöngu fjárvörslu og fjármálaumsýslu að markmiði.

Framkvæmdastjóri tekur ákvörðun um tilnefningu eða stuðning við ákveðna frambjóðendur í stjórnarkjöri.

Stjórnarhættir

Lífsverk gerir kröfu til fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í að þau tileinki sér og framfylgi, að svo miklu leyti sem unnt er, reglum NASDAQ, SA og Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja, eða öðrum viðurkenndum leiðbeiningum um sama efni.

Starfskjör stjórnenda

Lífsverk telur eðlilegt að við ákvörðun starfskjara forstjóra sé horft til stærðar og umfangs rekstrar og launadreifingar innan viðkomandi fyrirtækis og tekið mið af launakjörum á þeim markaði sem félagið starfar á. Við ákvörðun launa stjórnarmanna sé litið til umfangs og ábyrgðar starfsins. Sjóðurinn gerir þá kröfu að fyrir liggi greinargóðar upplýsingar og rök fyrir breytilegum starfskjaraþáttum sem rúmast innan starfskjarastefnu, s.s. hvers konar árangurstengdum greiðslum og kaup- og söluréttum hlutabréfa, sem fari jafnframt saman við langtímamarkmið félagsins í þágu hluthafa. Telji Lífsverk tillögur til aðalfundar um stjórnarlaun eða starfskjör ekki í samræmi við það sem eðlilegt má teljast, kemur sjóðurinn þeim sjónarmiðum á framfæri.

Gagnsæi og nýliðun

Nýir sjóðfélagar

Undanfarin ár hefur það verið forgangsmál hjá sjóðnum að ná til nýrra sjóðfélaga, kynna þeim sérstöðu sjóðsins og hlusta á kröfur yngri kynslóða. Stefna um ábyrgar fjárfestingar, aukið gagnsæi og heiðarleiki eru þær kröfur sem ekki aðeins ungir sjóðfélagar gera til síns sjóðs heldur einnig þeir eldri. Til að mæta þeim kröfum hefur Lífsverk bætt upplýsingaflæði á síðustu árum, m.a. með því að;

- birta á vef upplýsingar um 10 stærstu eignir sameignar og séreignar
- birta í ársreikningi mun meiri sundurliðun á eignasafni sjóðsins en krafa er um samkvæmt lögum
- gera ábyrgum fjárfestingum hærra undir höfði á vef Lífsverks
- gefa upp hvernig við nýtum atkvæðisrétt Lífsverks á aðalfundum hlutafélaga
- senda út fleiri tölvupósta til sjóðfélaga til að koma á framfæri upplýsingum um sjóðinn

Lífsverk er eini lífeyrissjóðurinn á Íslandi sem eingöngu er opinn háskólamenntuðu fólki þó að allir geti greitt til séreignaleiða sjóðsins. Af sögulegum ástæðum koma flestir sjóðfélagar úr röðum verkfræðinga eða raungreinafólks en sjóðfélagar úr öðrum námsgreinum sækja stöðugt í sig veðrið. Þá hefur hlutur kvenna aukist síðustu ár og var hlutfall kvenna í hópi nýrra sjóðfélaga á árinu 2021 40,7%.

Hlutfall nýrra sjóðfélaga eftir námsgreinum 2021



Nýir sjóðfélagar, þróun umsókna



Samfélagsleg ábyrgð og ábyrgar fjárfestingar

Stefna Lífsverks í ábyrgum fjárfestingum var uppfærð í mars 2021 en sjóðurinn setti sér fyrst stefnu fyrir ábyrgar fjárfestingar árið 2017. Stefnan er bæði til á íslensku og ensku og birt á vefsíðu sjóðsins. Ábyrgar fjárfestingar snúast um að taka tillit til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarhátta (UFS) við fjárfestingarákvarðanir, þar sem markmið er draga úr áhættu og auka ávöxtun til lengri tíma. Stefna Lífsverks í ábyrgum fjárfestingum snýst meðal annars um að útiloka fjárfestingar í ákveðnum eignaflokkum. Lífsverk fjárfestir ekki í félögum eða útgefendum eða felur þriðja aðila að stýra fjármunum sjóðsins sem ekki eru með stefnu í samfélagslegri ábyrgð eða hyggjast ekki móta sér slíka í náinni framtíð. Ábyrgar fjárfestingar auka velferð samfélags í heild sinni og þar ætlar Lífsverk sér að vera í fararbroddi.

Lífsverk er aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, PRI og IcelandSIF. Á árinu 2021 var Lífsverk einn þrettán íslenskra lífeyrissjóða sem setti markmið um stórauknar fjárfestingar í verkefnum sem tengjast hreinni orku og umhverfisvænum lausnum fram til ársins 2030. Sjóðirnir skrifuðu undir viljayfirlýsingu þess efnis í samstarfi við alþjóðlegu samtökin Climate Investment Coalition eða CIC, sem kunngerð var á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna COP26 í Glasgow. Með undirritun yfirlýsingarinnar staðfesta íslensku lífeyrissjóðirnir vilja sinn til að vera virkir þátttakendur í að auka hlut grænna fjárfestinga og að vinna að því markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda til samræmis við ákvæði Parísarsáttmálans frá árinu 2015. Stefnir Lífsverk að því að auka hlut grænna fjárfestinga í 26 milljarða íslenskra króna árið 2030.

Starfsmenn Lífsverks senda árlega kostgæfnisathugun í samræmi við stefnu Lífsverks í ábyrgum fjárfestingum. Athugunin var send út á alla innlenda mót- og þjónustuaðila sjóðsins. Svarhlutfall var 73%, þ.e. 56 aðilar af 77 svöruðu athuguninni með fullnægjandi hætti. Helstu niðurstöður voru þessar:

Stjórnarhættir

- 71% fyrirtækjanna í kostgæfniskönnun Lífsverks árið 2022 hafa sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð og 41% um ábyrgar fjárfestingar samanborið við 34% fyrirtækjanna voru bæði með stefnu um samfélagslega ábyrgð og ábyrgar fjárfestingar árið 2021.
- 86% hafa sett sér stefnu varðandi góða stjórnarhætti samanborið við 94% á árinu 2021.
- Í 13% fyrirtækja situr forstjóri eða framkvæmdastjóri í stjórn fyrirtækisins samanborið við 14% árið áður.
- 77% fyrirtækjanna eru með karlkyns forstjóra samanborið við 80% árið 2021.
- Sjö fyrirtæki eru aðeins með karla í stjórn samanborið við þrjú árið 2021 en ekkert fyrirtækjanna er aðeins með konur í stjórn samanborið við eitt árinu áður.
- 20 fyrirtæki eru aðeins með karlkyns stjórnendur samanborið við sex fyrirtæki árið áður og tvö eru aðeins með kvenkyns stjórnendur samanborið við eitt árið áður.
- 39% hafa sett sér stefnu um hámarks ráðningartíma endurskoðanda samanborið við 57% árið 2021.
- 79% hafa sett sér formlegar siðferðisreglur sem er nánast óbreytt frá fyrra ári eða 80%.

Umhverfisþættir

- 75% hafa sett sér stefnu um umhverfismál samanborið við 51% svarenda á árinu 2021.
- Þrjú fyrirtæki flokka ekki sorp samanborið við tvö árið áður.
- 54% mæla umhverfisspor sitt samanborið við 49% árið 2021.
- 77% eru með umbótaverkefni, sem snúa að umhverfinu í gangi, eða fullkláruð, samanborið við 69% árið áður.

Félagslegir þættir

- 16 fyrirtæki eru með enga starfsmannaveltu samanborið við níu árið áður, á meðan eitt fyrirtæki er með 45% starfsmannaveltu. Á árinu 2021 var eitt fyrirtæki með 30% starfsmannaveltu.
- 57% fyrirtækjanna hafa sett sér jafnlaunastefnu samanborið við 65% árið áður. Meirihluti þeirra sem hafa sett sér jafnlaunastefnu hafa jafnlaunavottun eða 62,5% samanborið við 31% árið 2021.
- Mestur hluti starfsmanna er fastráðinn hjá langflestum fyrirtækjum og er það óbreytt milli ára.
- 28 af 56 eða 50% eru með 3x eða lægra margfeldi launa forstjóra samanborið við miðgildi launa innan fyrirtækisins.

- 25 af 56 eða 45% eru með 300% eða meiri hlutfallslegan mun launa forstjóra og meðallauna í fyrirtækinu.

- Kynjahlutfall starfsmanna er iðulega mjög jafnt, aðeins tvö fyrirtæki eru aðeins með karlkyns starfsmenn en ekkert aðeins með kvenkyns starfsmenn. Árið 2021 voru einnig tvö fyrirtæki með aðeins karlkyns starfsmenn og eitt með aðeins kvenkyns starfsmenn.

- 75% hafa sett sér stefnu um umhverfismál samanborið við 51% svarenda á árinu 2021.

Enginn svarenda byggði starfsemi sína á því sem talið er upp í útilokunarlista Lífsverks.

Svör viðkomandi aðila við kostgæfnisathuguninni höfðu áhrif á flokkun Lífsverks samkvæmt innra áhættumati vegna UFS. Ef kostgæfnisathuguninni var ekki svarað, þrátt fyrir ítrekun, hafði það áhrif á heildareinkunn viðkomandi.

Fjárfestingar á árinu

Stefna Lífsverks í ábyrgum fjárfestingum litar nýjar fjárfestingar sjóðsins. Eins og fram kemur í stefnunni þá „fjárfestir [Lífsverk] ekki í félögum eða útgefendum eða felur þriðja aðila að stýra fjármunum sjóðsins sem ekki eru með stefnu í samfélagslegri ábyrgð eða hyggjast ekki móta sér slíka í náinni framtíð.“ Auk þess þá er stuðst við útilokunarlista eins og fyrr sagði en útilokun þýðir að Lífsverk mun ekki fjárfesta beint í fyrirtækjum eða útgefendum sem eru framleiðendur hergagna, tóbaksframleiðendur, rekstri sem virðir ekki grundvallarmannréttindi eða er óábyrgur gagnvart umhverfi. Ef um er að ræða fjárfestingar í sjóðum er leitast við að fjárfesta ekki í sjóðum sem eiga eignir sem byggja starfsemi sína á þeim rekstri sem talinn er upp í listanum eða að hámarki 5% samtals í þeim flokkum sem taldir eru upp að ofan.

Græn skuldabréf eru hluti af safni Lífsverks, en það eru skuldabréf sem gefin eru út í þeim tilgangi að fjármagna framkvæmdir eða breytingar sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Slík skuldabréf eru vottuð fyrir útgáfu og lúta eftirliti yfir líftíma sinn. Í lok árs 2021 voru græn skuldabréf 3,3% af hreinni eign sjóðsins sem er nokkurn vegin sama hlutfall og árið áður. Skv. fjárfestingarstefnu er markmið að græn skuldabréf séu 5% af hreinni eign. Græn skuldabréf eru meginuppistaða í grænum fjárfestingum Lífsverks en auk þeirra teljast ákveðnar fjárfestingar í hlutabréfum til grænna fjárfestinga.

Allt hlutlaust safn erlendra hlutabréfasjóða er nú í UFS vísitölusjóðum, auk þess að Lífsverk er fjárfestur í UFS útgáfu sérgreindu safni erlendra hlutabréfa og hluti virkra erlendra hlutabréfa- og skuldabréfasjóða eru sérstakir UFS sjóðir, t.d. LGT Sustainable Equity Fund og PIMCO Climate Bond Fund.

Samkvæmt stefnu Lífsverks í ábyrgum fjárfestingum er gerð grein fyrir tvenns konar flokkun eigna í samræmi við UFS þætti. Annars vegar er um að ræða innra áhættumat sem á við um allar eignir og er framkvæmt af starfsmönnum Lífsverks. Hins vegar ytra áhættumat sem á einungis við erlendar eignir og er framkvæmt af utanaðkomandi aðila. Niðurstöður þessarar flokkunar má sjá í töflunni hér að neðan, þar sem fram kemur að aukinn hluti eigna telst vera með einkunina A og B.

Einkunnargjöf Lífsverks	31.12.2020	31.12.2021
A	70,7%	68,3%
B	5,8%	16,9%
C	21,3%	14,9%

Lífsverk gerðist aðili að UN PRI (Principles for Responsible Investment) þann 3. nóvember 2017. Fyrstu skýrslu um eignasafn Lífsverks var skilað árið 2019 og skilaði Lífsverk skýrslu öðru sinni í apríl 2020. Árið 2021 var ekki unnt að skila skýrslu vegna kerfisbreytinga hjá PRI og því er ekki hægt að birta úttekt á erlendu eignasafni eins og venja hefur verið. Markmið samkvæmt stefnu Lífsverks var að styrkja eignasafnið og eftirlit með tilliti til þeirra leiðbeinandi tilmæla sem sett eru fram af PRI. Lífsverk fékk aðra utanaðkomandi aðila til að gera ytra áhættumat og meta erlendan hluta eignasafnisins út frá UFS sjónarmiðum í stað úttektar PRI. Annars vegar var gerð UFS samantekt á safni erlendra verðbréfa gegnum kerfi MSCI og hins vegar gerði LGT Capital Partners (LGT CP) UFS úttekt. LGT CP er sjóðastýringarhús með langa hefð í ábyrgum fjárfestingum þar sem Lífsverk er fjárfest í einum UFS hlutabréfasjóði LGT.

Samtals eru 32 erlendir verðbréfasjóðir í eigu samtryggingardeildar Lífsverks og þar af eru 24 með UFS A til AAA einkun frá MSCI, þar sem AAA er hæsta UFS einkunn sem MSCI gefur. Þar af eru sex sjóðir með hæstu einkunn.

UFS einkunn erlendra verðbréfasjóða Lífsverks árin 2021 og 2020 - Samtryggingardeild



Samfélagsleg ábyrgð og ábyrgar fjárfestingar (frh)

Ef horft er til eignaskiptingar sjóða þá eru 87,6% eigna í erlendum verðbréfasjóðum með UFS einkunn á bilinu A til AAA sem er hækkun frá síðasta ári þegar sambærileg tala var 79,8%.

UFS einkunn erlendra verðbréfasjóða skv. eignaskiptingu árið 2021
Samtryggingardeild



UFS einkunn erlendra verðbréfasjóða skv. eignaskiptingu árið 2020
Samtryggingardeild



Úttekt LGT gefur áhugaverða innsýn í eignasafn sjóðsins út frá margskonar UFS mælikvörðum. Helstu niðurstöður sýna að erlent verðbréfasafn sjóðsins er með bætt UFS skor milli ára skv. mælingaraðferð LGT. Þegar erlent verðbréfasafn Lífsverks er borið saman við heimsvísitölu hlutabréfa þá kemur í ljós að eignasafn Lífsverks er með sambærilegt UFS skor og vísitalan, þó aðeins lakara í umhverfis- og stjórnarþáttum en betra í félagslegum þáttum. Þrátt fyrir bætingu í UFS skori milli ára þá er enn verk að vinna enda er hæsta (besta) UFS skor 100.

UFS skor erlends verðbréfasafns Lífsverks árin 2021 og 2020
Samtryggingardeild



UFS skor erlends verðbréfasafns Lífsverk samanborðið við heimsvísitölu hlutabréfa árið 2021
Samtryggingardeild



Einn hluti úttektar LGT var að að meta áhrif eignasafns á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Þar kemur fram að áhrif á heimsmarkmið SÞ (e. SDG impact) eigna Lífsverks hefur batnað milli ára. Auk þess var erlent eignasafn Lífsverks borið saman við heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI World) út frá hinum 17 heimsmarkmiðum. Þar sést að Lífsverk er á pari við áhrif heimsvísitölunnar í hinum ýmsu þáttum en er einnig með meiri áhrif í nokkrum þáttum.

Áhrif erlends eignasafns á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna árin 2021 og 2020

Samtryggingardeild



Áhrif erlends eignasafns á einstök heimsmarkmið SÞ samanborið við heimsvísitölu hlutabréfa m.v. árslok 2021

Samtryggingardeild

LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR

Ársreikningur 2021

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Um sjóðinn

Lífsverk lífeyrissjóður er opinn lífeyrissjóður háskólamenntaðra sem starfrækir samtryggingardeild og þrjár ávöxtunarleiðir í séreignardeild og tilgreindri séreignardeild. Af skylduframlagi í lífeyrissjóðinn fara 10% af launum til samtryggingardeildar en það sem umfram er til séreignardeilda nema sérstaklega sé óskað eftir að stærri hluti eða allt skylduframlagið skuli fara í samtryggingardeildina. Í árslok 2021 nam hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris 149,5 milljörðum króna og hafði sjóðurinn þá vaxið um 21,5% á árinu.

Afkoma

Ávöxtun sjóðsins á árinu 2021 var með miklum ágætum, sem skýrist einkum af mikilli hækkun á hlutabréfamörkuðum. Úrvalsvísitala innlendra hlutabréfa hækkaði um 34,6% og erlendar hlutabréfavísitölur hækkuðu einnig verulega. Þannig hækkaði heimsvísitalan MSCI mæld í Bandaríkjadal um 21,8%, bandaríska S&P500 vísitalan hækkaði um 26,4% og breska FTSE vísitalan hækkaði um 21,6%. Mikil hækkun varð einnig á norrænu mörkuðunum en alþjóðlegar hlutabréfavísitölur nýmarkaðsríkja lækkuðu hins vegar. Skuldabréfavísitölur hækkuðu á árinu en mun minna en vísitölur hlutabréfa. Gengisvísitala krónunnar lækkaði um 2,4% á árinu, krónan veiktist um 2,5% gagnvart Bandaríkjadal en styrktist um 5,4% gagnvart Evru. Nafnávöxtun samtryggingardeildar Lífsverks var 17,3% og hrein raunávöxtun 11,9%. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris í árslok nam 120.543 m.kr. og hækkaði um 20,5% á milli ára. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 4,8% á árinu.

Nafnávöxtun Lífsverks 1 var 22,9% og hrein raunávöxtun 17,3%. Hrein eign í árslok var 4.583 m.kr. og jókst um 40,1% á milli ára. Nafnávöxtun Lífsverks 2 var 14,9% og hrein raunávöxtun 9,6%. Hrein eign í árslok nam 23.735 m.kr og hækkaði um 24,2% á milli ára. Nafnávöxtun Lífsverks 3 var 3,1% og hrein raunávöxtun -1,7%. Hrein eign í árslok var 654 m.kr. og hafði hækkað um 11,3% frá árslokum 2020.

Iðgjöld og lífeyrir

Samanlögð iðgjöld ársins 2021 námu 6.971 m.kr. og námu samanlagðar lífeyrisgreiðslur 1.740 m.kr. Hlutfall lífeyris af samanlögðum iðgjöldum var 25,0%.

Iðgjöld í samtryggingardeild voru 4.400 m.kr. og hækkuðu um 11,0% frá fyrra ári. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.123 og jókst um 3,9% frá fyrra ári. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 583, lífeyrisgreiðslur voru 1.465 m.kr. og lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum var 33,3%.

Iðgjöld í séreignardeild námu 2.571 m.kr. Er það hækkun um 10,8% frá fyrra ári. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.353 og jókst um 3,1% frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþega var 129 og lífeyrisgreiðslur voru 275 m.kr. eða sem nemur 10,7% af iðgjöldum.

Tryggingafræðileg staða

Útreikningur á tryggingafræðilegri stöðu í lok árs 2021 byggir á nýjum dánar- og lífslíkum sem samþykktar voru af fjármálaráðherra að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Nýjar dánar- og lífslíkur eru reiknaðar miðað við breyttar forsendur á reiknigrunni um lífslíkur, þar sem byggt er á spá um lífslíkur en ekki sögulegum gögnum eins og líkurnar voru áður byggðar á.

Lífeyrissjóðir hafa val um það hvort þessi nýja aðferð við mat á dánar- og lífslíkum verði lögð til grundvallar tryggingafræðilegu mati í ársreikningi 2021 en nýju aðferðina ber að taka upp innan tveggja ára. Lífsverk hefur þó ákveðið að taka hina nýju aðferð upp strax. Samkvæmt henni verður heildarstaða sjóðsins neikvæð um 0,2%, þar sem staða áfallinna skuldbindinga er jákvæð um 5,6% en staða framtíðarskuldbindinga er neikvæð um 10,6%. Í samræmi við ákvæði samþykkta um að mismunur á verðmæti iðgjalda og framtíðarskuldbindinga reiknist ekki meira en 3% eða minna en -1% af framtíðarskuldbindingum mun réttindatöflum sjóðsins verða breytt frá og með næstu áramótum til að endurspegla sanngjarna réttindaávinnslu.

Góð ávöxtun sjóðsins á árinu hefði haft verulega jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu ef áfram hefði verið byggt á eldri dánar- og lífslíkum. Þá hefði heildarstaða sjóðsins verið jákvæð um 8,6% samanborið við 1,2% jákvæða stöðu í árslok 2020, þar sem staða áfallinna skuldbindinga væri jákvæð um 13,9% en staða framtíðarskuldbindinga væri neikvæð um 1,2%.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, framhald.:

Rekstur

Í lok árs 2021 störfuðu níu starfsmenn hjá sjóðnum og fjölgaði að meðaltali um hálft stöðugildi á árinu. Heildarfjárhæð launa og launatengdra gjalda á árinu hækkar um 15,3% í 184,9 m.kr en var 160,3 m.kr. árið 2020. Laun framkvæmdastjóra, forstöðumanns eignastýringar, stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar voru 63,1 m.kr. samanborið við 59,3 m.kr. árið 2020. Þóknun til endurskoðenda og tryggingastærðfræðings nam 11,3 m.kr. samanborið við 12,1 m.kr. á fyrra ári. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkar um 12,1% milli ára en hann var 295,5 m.kr. á árinu samanborið við 263,7 m.kr. árið 2020.

Hlutfall rekstrarkostnaðar af meðalstöðu eigna var 0,23% samanborið við 0,25% árið 2020. Heimsfaraldur COVID-19 setti verulegt mark á starfsemi sjóðsins á árinu 2021 eins og undanfarið ár en með ráðstöfunum, svo sem fjarvinnu starfsmanna og fjarfundum, tókst að halda þjónustu og starfsemi sjóðsins óskertri.

Sjóðfélagalán

Heildarfjárhæð nýrra sjóðfélagalána á árinu var 3.223 m.kr. og lækkaði nokkuð frá árinu áður en þá voru heildarlánveitingar 4.201 m.kr. Sjóðfélögum hefur allt frá árinu 1986 staðið til boða að taka hagstæð íbúðalán hjá sjóðnum og þóttu lánakjör á sínum tíma byltingarkennd. Það er stefna sjóðsins að bjóða áfram hagstæð lánakjör, enda hafa lán til sjóðfélaga löngu sannað ágæti sitt með að vera fjárfestingarkostur með mjög lítil afföll fyrir sjóðinn.

Starfsumhverfi

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2022 var mótuð í nóvember 2021 og tekur mið af væntingum um þróun markaða en áhersla verður lögð á traustar fjárfestingar og áhættudreifingu. Markmið til lengri tíma er áfram að auka vægi erlendra fjárfestinga í eignasafninu.

Fjárfestingarumhverfi ársins 2021 var afar gott og þriðja árið í röð er raunávöxtun langt umfram þau 3,5% ávöxtunarviðmið sem lífeyrissjóðum eru sett. Eftir mikla hækkun á helstu eignamörkuðum, hærri verðbólguhorfur innanlands sem erlendis og umhverfi lágra raunvaxta er líklegt að erfiðara verði að ná góðri ávöxtun án þess að áhætta aukist í eignasöfnum. Stríðsátök í Austur-Evrópu í upphafi árs 2022, sem valdið hafa lækkun á helstu eignamörkuðum, hækkun á hrávöruverði og versnandi verðbólguhorfum á heimsvísu, hafa enn aukið á óvissuna. Ljóst er að framvinda þessara átaka mun hafa mikla þýðingu varðandi horfur um ávöxtun sjóðsins á árinu. Í skýringu 30 er gerð grein fyrir helstu áhættuþáttum sjóðsins og áhættustýringu.

Stjórnarhættir

Lífsverk lífeyrissjóður starfar á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og samþykkta sjóðsins. Sjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Hlutverk sjóðsins er að veita viðtöku iðgjaldi sjóðfélaga og ávaxta það ásamt því að greiða sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og við andlát þeirra maka- og barnalífeyri. Lífeyrissjóðurinn veitir samþætt lífeyrisréttindi á grundvelli iðgjalds sem skiptist milli samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar sjóðsins. Til séreignardeildar greiðast ennfremur viðbótariðgjöld skv. ákvörðun sjóðfélaga.

Stjórnarháttayfirlýsing fyrir árið 2021 er birt í heild í ársskýrslu sjóðsins.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Lífsverk er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (Principles for Responsible Investment - UN PRI). Með aðild sinni skuldbindur Lífsverk sig til að leggja áherslu á samfélagsleg og umhverfisleg sjónarmið við ákvarðanir um fjárfestingar, auk góðra stjórnarhátta þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í. Aðild Lífsverks er liður í aukinni áherslu sjóðsins á þessi málefni. Þá er Lífsverk einn af stofnaðilum IcelandSIF, sem er íslenskur umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar og er aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni. Lífsverk hefur sett markmið um auknar fjárfestingar í verkefnum sem tengjast hreinni orku og umhverfisvænum lausnum í samstarfi við Climate Investment Coalition og þá mun Lífsverk leitast við að taka í auknum mæli þátt í fjárfestingum sem hafa sterka stefnu í samfélagslegri ábyrgð. Markmið sjóðsins er einnig að stuðla að bættum stjórnarháttum og auka gegnsæi.

Í stefnu Lífsverks um samfélagslega ábyrgð kemur m.a. fram að sjóðurinn fjárfestir hvorki í rekstri þar sem grundvallarmannréttindi eru ekki virt, né starfsemi sem er óábyrg gagnvart umhverfinu. Markmið sjóðsins er jafnframt að rekstur hans sé umhverfisvænn, að lágmarka sóun á vinnustað og hvetja starfsfólk til að láta gott af sér leiða til samfélagsins. Stjórn Lífsverks fer árlega yfir stefnu um ábyrgar fjárfestingar og tekur hana til endurskoðunar. Samhliða því er stefnan uppfærð á heimasíðu sjóðsins.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, framhald.:

Hluthafastefna Lífsverks gildir um fjárfestingar sjóðsins í skráðum og óskráðum hlutafélögum. Þar kemur fram að Lífsverk leitast við að kanna hvort fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í fylgi viðurkenndum leiðbeinandi reglum um góða stjórnarhætti, ábyrgar fjárfestingar, samfélagslega ábyrgð og samskipta- og siðareglur á fjármagnsmarkaði. Atkvæðagreiðsla sjóðsins á hluthafafundum skal alltaf mótast af áherslum hluthafastefnu. Meðferð Lífsverks á atkvæðisrétti á hluthafafundum skráðra félaga er birt reglulega á heimasíðu sjóðsins. Gengið er út frá því að stjórn félags leitist ávallt við að gæta sem best langtímahagsmuna félagsins, sem fari saman við hagsmuni sjóðfélaga. Lífsverk gerir kröfu til fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í að þau tileinki sér og framfylgi, að svo miklu leyti sem unnt er, reglum Nasdaq Iceland, SA og Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja, eða öðrum viðurkenndum leiðbeiningum um sama efni. Lífsverk leggur áherslu á að þau félög sem sjóðurinn á hlut í stuðli á öllum tímum að sjálfbærri nýtingu allra takmarkaðra auðlinda sem viðkomandi félag byggir starfsemi sína á.

Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. mars 2022

Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs

Björn Ágúst Björnsson
Stjórnarformaður

Eva Hlín Dereksdóttir

Ágnar Kofoed-Hansen

Margrét Arnardóttir

Jón L. Árnason
Framkvæmdastjóri

Þorbergur Steinn Leifsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífsverks lífeyrissjóðs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífsverks lífeyrissjóðs fyrir árið 2021, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2021, efnahag hans 31. desember 2021, breytingu á handbæru fé á árinu 2021 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar.

Ársreikningurinn innifelur
- Skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra.
- Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2021.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2021.
- Sjóðstreymisyfirlit árið 2021.
- Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar 31. desember 2021.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Deildarskipt yfirlit samtryggingardeildar og séreignardeilda, sem innifela yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2021, deildarskiptan efnahagsreikning 31. desember 2021 og deildaskipt sjóðstreymi 2021.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð lífeyrissjóðnum samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt sjóðnum er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Gerð er grein fyrir annarri þjónustu sem við höfum veitt sjóðnum, á tímabilinu 1. janúar 2021 til 31. desember 2021 í skýringu 22.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2021. Sem hluti af endurskoðun okkar á ársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á ársreikningnum í heild.

Áritun óháðs endurskoðanda, framhald.:

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
Mat óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum Bókfært verð eignarhluta í félögum og sjóðum nam kr. 82,3 milljörðum eða 55% af heildareignum þann 31. desember 2021 (2020: kr. 62,6 milljörðum) af því eru kr. 25,5 milljarðar óskráð (2020: kr. 20,6 milljarðar). Vísað er til skýringar nr. 10 um fjárfestingar og skýringar nr. 23 fyrir eignarhluti í félögum. Þessar eignir eru flokkaðar í gangvirðisþrepi 2 og 3 í skýringu nr. 26 í ársreikningi. Verðmæti þessara fjárfestinga er háð mati, þeim forsendum sem eru notaðar og vali á útreikningsaðferð eða líkani og getur haft veruleg áhrif á niðurstöðu matsins. Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og vegna stærðar í efnahagsreikningi sjóðsins, teljum við mat á óskráðum fjárfestingum vera lykilatriði við endurskoðun okkar.	Endurskoðun á mati óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum: - Fjárfestingarferilinn var yfirfarinn. Við yfirfórum aðferðafræði og forsendur við mat. - Gögn sem útreikningar og forsendur mismunandi verðmatsaðferða voru byggð á voru yfirfarin og metin. - Framkvæmdir voru sjálfstæðir útreikningar á verðmæti úrtaks óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum. - Í þeim tilvikum þar sem verðmat byggðist á nýlegum viðskiptum voru þau viðskipti sannreynd. - Flokkun óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum í stigkerfi gangvirðis var yfirfarin. Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
Mat skuldabréfa færð á gangvirði Bókfært verð skuldabréfa nam kr. 63,6 milljörðum eða 42% af heildareignum þann 31. desember 2021 (2020: 56,3 milljörðum) af því eru kr. 22,8 milljarðar skuldabréf færð á gangvirði (2020: kr. 16,5 milljarðar). Vísað er til skýringa nr. 10 um fjárfestingar og skýringu nr. 24 fyrir skuldabréf. Viðskipti á markaði með skuldabréf sem færð eru á gangvirði eru oft stopul. Mat skuldabréfa með stopul viðskipti er háð mati og þeim forsendum sem eru notaðar sem getur haft áhrif á niðurstöðu matsins. Vegna þess hver matskenndur liðurinn er og vegna stærðar í efnahagsreikningi sjóðsins, teljum við mat á skuldabréfum færð á gangvirði vera lykilatriði við endurskoðun okkar.	Endurskoðun á mati skuldabréfa færð á gangvirði fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum: - Fjárfestingarferilinn var yfirfarinn. Við yfirfórum aðferðafræði og forsendur við mat. - Gögn sem útreikningar og forsendur mismunandi verðmatsaðferða voru byggð á voru yfirfarin og metin. - Framkvæmdir voru sjálfstæðir útreikningar af verðmatssérfræðingi PwC á verðmæti úrtaks skuldabréfa færð á gangvirði. - Flokkun skuldabréfa færð á gangvirði í stigkerfi gangvirðis var yfirfarin. Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Áritun óháðs endurskoðanda, framhald.:

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
Tryggingafræðileg staða Tryggingafræðileg staða í árslok er neikvæð um 0,2% (2020: jákvæð um 1,2%) og eru eignir sjóðsins kr. 311 milljónum lægri en heildarskuldbinding í árslok 2021 (2020: kr. hærri um 1,7 milljarð). Tryggingafræðileg staða segir til um getu sjóðsins til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar. Útreikningurinn er framkvæmdur af óháðum tryggingastærðfræðingi og byggir að stórum hluta á matskenndum forsendum. Um verulegan matskenndan lið er að ræða og teljum við tryggingafræðilega stöðu vera lykilatriði við endurskoðun okkar.	Endurskoðun á tryggingafræðilegri stöðu fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum: - Við lögðum mat á óhæði og hæfi tryggingastærðfræðings. - Ferli við útreikninga var yfirfarið. - Framkvæmdar voru greiningar á sértækum lífs- og örorkulíkum sem notaðar eru við útreikning við staðlaðar lífs- og örorkulíkur gefnar út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga. - Lagt var mat á aðferðafræðina og þær forsendur sem liggja til grundvallar á útreikningi á tryggingafræðilegri stöðu og hvort aðferðin breyttist milli ára. Forsendur útreiknings voru raktar til frumgagna úr kerfum lífeyrissjóðsins. - Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á þróun lífeyrisskuldbindingar, forsendum og niðurstöðum. Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar ásamt yfirliti um tryggingafræðilega stöðu.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, sem lá fyrir við áritun okkar.
Aðrar upplýsingar eru jafnframt ársskýrsla lífeyrissjóðsins. Ársskýrsla liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við búumst við að fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.
Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Áritun óháðs endurskoðanda, framhald.:

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum lífeyrissjóðsins að meta hæfi hans til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning lífeyrissjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa lífeyrissjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi lífeyrissjóðsins. Stjórnendum lífeyrissjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hans til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi lífeyrissjóðsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hans. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að lífeyrissjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Áritun óháðs endurskoðanda, framhald.:

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Kosning endurskoðanda
Við vorum kosin endurskoðendur á aðalfundi sjóðsins þann 19. maí 2020. Við höfum verið endurskoðendur sjóðsins í tvö ár.

Reykjavík, 16. mars 2022

PricewaterhouseCoopers ehf.

Kristinn Kristinsson
löggiltur endurskoðandi

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2021

	Skýr	2021	2020
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		2.119.488	1.916.975
Iðgjöld launagreiðenda		5.092.919	4.572.370
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(253.307)	(219.986)
		6.959.100	6.269.359
Sérstök aukaframlög	12	11.672	14.009
		6.970.772	6.283.368
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	13	1.697.837	1.524.113
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		41.812	37.490
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	14	213	289
		1.739.862	1.561.892
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	15	17.518.091	10.224.424
Hreinar tekjur af skuldabréfum	16	4.222.115	3.634.051
Hreinar tekjur af afleiðusamningum	17	(21.841)	47.463
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		2.045	1.734
Vaxtatekjur af handbæru fé	18	(20.317)	221.210
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		3.342	6.457
Fjárfestingargjöld	19	(159.580)	(124.646)
		21.543.855	14.010.693
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	20	295.530	263.662
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		26.479.235	18.468.507
Hrein eign frá fyrra ári		123.035.136	104.566.629
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	29	149.514.371	123.035.136

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	23	82.299.871	62.576.661
Skuldabréf	24	63.615.948	56.338.897
Afleiðusamningar	17	25.621	47.463
Bundnar bankainnstæður		40.037	38.092
		145.981.477	119.001.113
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		633.760	591.839
Aðrar kröfur		273.908	72.698
		907.668	664.537
Ýmsar eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	27	11.203	6.419
Handbært fé		3.113.252	3.406.563
Eignir samtals		150.013.600	123.078.632
Skuldir			
Aðrar skuldir		(499.229)	(43.496)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	29	149.514.371	123.035.136
Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris			
Hrein eign samtryggingardeildar		120.542.527	100.071.592
Hrein eign séreignardeildar		28.971.844	22.963.544
Hrein eign til greiðslu lífeyris samtals		149.514.371	123.035.136
Skuldbindingar utan efnahags	28		

Sjóðstreymisyfirlit árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Inngreiðslur			
Iðgjöld		6.928.963	6.203.367
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		9.946	28.308
Aðrar inngreiðslur		10.878	1.938
		6.949.787	6.233.613
Útgreiðslur			
Lífeyrir		1.740.057	1.561.771
Rekstrarkostnaður án afskrifta		286.022	261.499
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		8.046	1.168
Aðrar útgreiðslur		10.619	1.456
		2.044.744	1.825.894
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		4.905.043	4.407.719
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		1.061.305	356.961
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(18.608.715)	(19.746.854)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		15.245.900	12.647.480
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		11.468.948	13.061.811
Keypt skuldabréf		(17.170.043)	(19.361.045)
Seld skuldabréf		2.833.701	8.789.155
Ný bundin innlán		(1.945)	(5.274)
Endurgreidd bundin innlán		0	860.320
		(5.170.849)	(3.397.446)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(265.806)	1.010.273
Gengismunur af handbæru fé		(27.505)	226.372
Handbært fé í upphafi árs		3.406.563	2.169.918
Handbært fé í lok árs		3.113.252	3.406.563

Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris fyrir árið 2021

	Samtryggingardeild		Lífsverk 1		Lífsverk 2		Lífsverk 3		Samtals	
	2021	2020	2021	2020	2021	2020	2021	2020	2021	2020
Iðgjöld										
Iðgjöld sjóðfélaga	1.718.451	1.548.630	123.824	110.411	245.959	228.739	31.254	29.195	2.119.488	1.916.975
Iðgjöld launagreiðenda	2.679.352	2.409.580	512.102	391.075	1.827.612	1.704.510	73.853	67.205	5.092.919	4.572.370
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(9.667)	(9.290)	(85.606)	(80.860)	(104.145)	(192.157)	(53.889)	62.321	(253.307)	(219.986)
	4.388.136	3.948.920	550.320	420.626	1.969.426	1.741.092	51.218	158.721	6.959.100	6.269.359
Sérstök aukaframlög	11.672	14.009	0	0	0	0	0	0	11.672	14.009
	4.399.808	3.962.929	550.320	420.626	1.969.426	1.741.092	51.218	158.721	6.970.772	6.283.368
Lífeyrir										
Heildarfjárhæð lífeyris	1.423.151	1.253.098	22.708	65.765	249.365	188.058	2.613	17.192	1.697.837	1.524.113
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	41.812	37.490	0	0	0	0	0	0	41.812	37.490
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	213	289	0	0	0	0	0	0	213	289
	1.465.176	1.290.877	22.708	65.765	249.365	188.058	2.613	17.192	1.739.862	1.561.892
Hreinar fjárfestingartekjur										
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	14.486.006	8.696.961	729.205	359.494	2.292.296	1.157.107	10.584	10.862	17.518.091	10.224.424
Hreinar tekjur af skuldabréfum	3.455.987	2.784.525	68.560	80.755	690.401	751.868	7.167	16.903	4.222.115	3.634.051
Hreinar tekjur af afleiðusamningum	(21.841)	47.463	0	0	0	0	0	0	(21.841)	47.463
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum	0	0	0	0	211	179	1.834	1.555	2.045	1.734
Vaxtatekjur af handbæru fé	(20.679)	220.132	96	141	240	731	26	206	(20.317)	221.210
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum	2.083	3.740	69	241	1.155	2.383	35	93	3.342	6.457
Fjárfestingargjöld	(112.840)	(85.123)	(7.060)	(5.262)	(38.790)	(33.490)	(890)	(771)	(159.580)	(124.646)
	17.788.716	11.667.698	790.870	435.369	2.945.513	1.878.778	18.756	28.848	21.543.855	14.010.693
Rekstrarkostnaður										
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	252.413	229.874	6.558	4.514	35.845	28.652	714	622	295.530	263.662
Breyting á hreinni eign til gr. lífeyris	20.470.935	14.109.876	1.311.924	785.716	4.629.729	3.403.160	66.647	169.755	26.479.235	18.468.507
Hrein eign frá fyrra ári	100.071.592	85.961.716	3.271.033	2.485.317	19.105.344	15.702.184	587.167	417.412	123.035.136	104.566.629
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	120.542.527	100.071.592	4.582.957	3.271.033	23.735.073	19.105.344	653.814	587.167	149.514.371	123.035.136

Efnahagsreikningur deilda 31. desember 2021

	Samtryggingardeild		Lífsverk 1		Lífsverk 2		Lífsverk 3		Samtals	
	2021	2020	2021	2020	2021	2020	2021	2020	2021	2020
Fjárfestingar										
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	69.706.699	52.243.065	2.696.790	2.100.768	9.695.819	8.060.072	200.563	172.756	82.299.871	62.576.661
Skuldabréf	47.955.065	44.738.712	1.738.633	1.052.781	13.528.227	10.188.348	394.023	359.056	63.615.948	56.338.897
Afleiðusamningar	25.621	47.463	0	0	0	0	0	0	25.621	47.463
Bundnar bankainnstæður	0	0	0	0	4.124	3.924	35.913	34.168	40.037	38.092
	117.687.385	97.029.240	4.435.423	3.153.549	23.228.170	18.252.344	630.499	565.980	145.981.477	119.001.113
Kröfur										
Kröfur á launagreiðendur	383.609	356.011	46.476	44.323	194.860	182.396	8.815	9.109	633.760	591.839
Aðrar kröfur	273.908	72.698	0	0	0	0	0	0	273.908	72.698
	657.517	428.709	46.476	44.323	194.860	182.396	8.815	9.109	907.668	664.537
Ýmsar eignir										
Varanlegir rekstrarfjármunir	11.203	6.419	0	0	0	0	0	0	11.203	6.419
Handbært fé	2.825.100	2.799.831	72.069	45.019	206.568	554.601	9.515	7.112	3.113.252	3.406.563
Eignir samtals	121.181.205	100.264.199	4.553.968	3.242.891	23.629.598	18.989.341	648.829	582.201	150.013.600	123.078.632
Skuldir										
Aðrar skuldir	(499.229)	(43.496)	0	0	0	0	0	0	(499.229)	(43.496)
Skuldir milli deilda	(139.449)	(149.111)	28.989	28.142	105.475	116.003	4.985	4.966	0	0
	(638.678)	(192.607)	28.989	28.142	105.475	116.003	4.985	4.966	(499.229)	(43.496)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	120.542.527	100.071.592	4.582.957	3.271.033	23.735.073	19.105.344	653.814	587.167	149.514.371	123.035.136

Sjóðstreymisyfirlit deilda árið 2021

	Samtryggingardeild		Lífsverk 1		Lífsverk 2		Lífsverk 3		Samtals	
	2021	2020	2021	2020	2021	2020	2021	2020	2021	2020
Inngreiðslur										
Iðgjöld	4.372.322	3.912.070	548.167	413.107	1.956.962	1.721.861	51.512	156.329	6.928.963	6.203.367
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	8.325	24.513	165	382	1.395	3.114	61	299	9.946	28.308
Aðrar inngreiðslur	350	973	0	965	10.528	0	0	0	10.878	1.938
	4.380.997	3.937.556	548.332	414.454	1.968.885	1.724.975	51.573	156.628	6.949.787	6.233.613
Útgreiðslur										
Lífeyrir	1.465.371	1.290.756	22.708	65.765	249.365	188.058	2.613	17.192	1.740.057	1.561.771
Rekstrarkostnaður án afskrifta	242.905	227.711	6.558	4.514	35.845	28.652	714	622	286.022	261.499
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	8.046	1.168	0	0	0	0	0	0	8.046	1.168
Aðrar útgreiðslur	9.753	0	847	0	0	1.351	19	105	10.619	1.456
	1.726.075	1.519.635	30.113	70.279	285.210	218.061	3.346	17.919	2.044.744	1.825.894
Ráðstöfunarfé til fjárfestinga	2.654.922	2.417.921	518.219	344.175	1.683.675	1.506.914	48.227	138.709	4.905.043	4.407.719
Fjárfestingarhreyfingar										
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í sjóðum og félögum	263.757	149.552	167.712	68.559	629.094	139.087	742	(237)	1.061.305	356.961
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(16.096.421)	(13.685.548)	(454.220)	(1.126.981)	(2.024.708)	(4.893.437)	(33.366)	(40.888)	(18.608.715)	(19.746.854)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	12.995.818	8.938.746	371.855	724.315	1.863.701	2.971.941	14.526	12.478	15.245.900	12.647.480
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabr.	10.573.352	12.316.521	89.590	56.471	735.736	613.114	70.270	75.705	11.468.948	13.061.811
Keypt skuldabréf	(10.339.238)	(11.212.536)	(873.315)	(303.893)	(5.838.870)	(7.598.805)	(118.620)	(245.811)	(17.170.043)	(19.361.045)
Seld skuldabréf	0	711.365	207.941	272.068	2.603.391	7.749.041	22.369	56.681	2.833.701	8.789.155
Ný bundin innlán	0	0	0	0	(200)	(3.924)	(1.745)	(1.350)	(1.945)	(5.274)
Endurgreidd bundin innlán	0	860.320	0	0	0	0	0	0	0	860.320
	(2.602.732)	(1.921.580)	(490.437)	(309.461)	(2.031.856)	(1.022.983)	(45.824)	(143.422)	(5.170.849)	(3.397.446)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	52.190	496.341	27.782	34.714	(348.181)	483.931	2.403	(4.713)	(265.806)	1.010.273
Gengismunur af handbæru fé	(26.921)	199.359	(732)	4.590	148	22.379	0	44	(27.505)	226.372
Handbært fé í upphafi árs	2.799.831	2.104.131	45.019	5.715	554.601	48.291	7.112	11.781	3.406.563	2.169.918
Handbært fé í lok árs	2.825.100	2.799.831	72.069	45.019	206.568	554.601	9.515	7.112	3.113.252	3.406.563

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar 31. desember 2021

Tryggingafræðileg staða í milljónum króna:	Skýr	2021		
		Áfallin staða	Framtíðar-staða	Heildar-staða
Eignir:	29			
Hrein eign til greiðslu lífeyris		120.543	0	120.543
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		(3.910)	0	(3.910)
Núvirði framtíðariðgjalda		0	54.366	54.366
Eignir samtals		116.633	54.366	170.999
Skuldbindingar:				
Ellilífeyrir		96.261	53.072	149.333
Örorkulífeyrir		2.389	2.095	4.484
Makalífeyrir		8.785	2.136	10.921
Barnalífeyrir		72	435	507
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar		2.969	3.096	6.065
Skuldbindingar samtals		110.476	60.834	171.310
Eignir umfram skuldbindingar		6.157	(6.468)	(311)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		5,6%	(10,6%)	(0,2%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		2,4%	(0,9%)	1,2%

	2020		
Eignir:	Áfallin staða	Framtíðar-staða	Heildar-staða
Hrein eign til greiðslu lífeyris	100.072	0	100.072
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	(3.004)	0	(3.004)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	(2.847)	0	(2.847)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	52.376	52.376
Eignir samtals	94.221	52.376	146.597
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	78.269	44.862	123.131
Örorkulífeyrir	2.237	1.982	4.219
Makalífeyrir	8.845	2.645	11.490
Barnalífeyrir	85	307	392
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	2.653	3.031	5.684
Skuldbindingar samtals	92.089	52.827	144.916
Eignir umfram skuldbindingar	2.132	(451)	1.681
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	2,4%	(0,9%)	1,2%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	0,7%	(1,0%)	0,1%

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um lífeyrissjóðinn

Lífsverk lífeyrissjóður er með aðsetur að Engjateigi 9, Reykjavík. Sjóðurinn er opinn lífeyrissjóður háskólamenntaðra. Öllum er heimilt að greiða til séreignar og tilgreindrar séreignardeildar sjóðsins.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

Sjóðurinn starfar í þremur deildum, samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreindri séreignardeild. Á blaðsíðum 12 - 14 er að finna yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning og sjóðstreymisyfirlit deilda sjóðsins.
39-41
Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins samþykktu ársreikninginn þann 16. mars 2022.

3. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum, sem settar eru fram hér á eftir, hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

5. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við opinbert gengi Seðlabanka Íslands í árslok. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

6. Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem hafa borist sjóðnum. Ekki er áætlað fyrir óinnheimtum iðgjöldum í árslok. Mótteknar greiðslur án skilagreina eru færðar sem innheimt iðgjöld. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða er fært á sérstakan lið undir iðgjöldum.

7. Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, þ.e. ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris er kostnaður við örorkumat og endurhæfingu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi endurhæfingarsjóða, skulu lífeyrissjóðir á árinu 2021 greiða gjald sem samsvarar 0,10% af samanlögðum iðgjaldastofni allra sjóðfélaga til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Kostnaðurinn er færður undir liðinn Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs.

8. Hreinar fjárfestingartekjur

Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum eru færðar allar tekjur af fjárfestingum í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, önnur en þau gjöld sem færð eru sérstaklega undir fjárfestingargjöld. Sjá skýringu á þessum fjárfestingargjöldum fyrir neðan og sundurliðun fjárhæðar í skýringu nr. 19.
Undir tekjur af eignarhlutum falla arðstekjur, söluhagnaður og sölutap ásamt breytingum á gangvirði, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

Skýringar, framhald:

Hreinar tekjur af skuldabréfum
Hreinar tekjur af skuldabréfum eru tekjur af fjárfestingum í skuldabréfum að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, önnur en þau gjöld sem færð eru sérstaklega undir fjárfestingargjöld. Sjá skýringu á þessum fjárfestingargjöldum fyrir neðan og sundurliðun fjárhæðar í skýringu nr. 19.
Undir þennan lið eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknanir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breyting á gangvirði skuldabréfa og hliðstæðar tekjur og gjöld. Einnig er undir þennan lið færð varúðarniðurfærsla vegna tapshættu sem kann að vera fyrir hendi á uppgjörsdegi.

Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum
Þessi liður samanstendur af vaxtatekjum og gengismun vegna bankainnstæðna sem bundnar eru til lengri tíma en þriggja mánaða.

Vaxtatekjur af handbæru fé
Vaxtatekjur af handbæru fé eru vaxtatekjur og gengismunur af óbundnum innstæðum hjá bönkum og sparisjóðum.

Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum
Undir þennan lið eru færðar vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum að frádregnum vaxtagjöldum.

Fjárfestingargjöld
Undir liðinn fjárfestingargjöld eru færð fjárfestingargjöld og þóknanir til fjármálafyrirtækja vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum sjóðsins.

9. Rekstrarkostnaður

Undir rekstrarkostnað fellur allur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður vegna rekstrar sjóðsins, svo sem laun og launatengd gjöld, rekstur fasteignar, afskriftir og annar rekstrarkostnaður.

10. Fjárfestingar

Fjárfestingar sjóðsins skiptast í eignarhluta í félögum og sjóðum, skuldabréf og bundnar bankainnstæður.

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini og eru þau metin á gangvirði. Sjá nánar í skýringu nr. 26 þar sem gerð er grein fyrir verðmatsaðferð.

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf og önnur útlán. Skuldabréf eru færð á gangvirði í árslok nema ef um er að ræða skuldabréf sem haldið er til gjalddaga og útlán til sjóðfélaga, en slík skuldabréf eru færð á upphaflegri kaupkröfu í efnahagsreikningi.

Skuldabréf og útlán sjóðsins sem færð eru á upphaflegri kaupkröfu eru yfirfarin reglulega til að meta hvort virði hafi rýrnað. Við matið eru sérstakar áhættur metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim eignum sem kunna að tapast. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi frá einstökum verðbréfum eða safni verðbréfa áður en lækkunin verður merkjanleg á einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar.

Bundnar bankainnstæður eru innlán í bönkum og sparisjóðum sem bundin eru til lengri tíma en 3 mánaða.

11. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði og eru á bilinu 20-30%.

Skýringar, framhald:

12. Sérstök aukaframlög

	2021	2020
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	11.672	14.009

13. Greiddur lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar sundurliðast þannig:

Ellilífeyrir	1.180.153	1.027.673
Örorkulífeyrir	111.990	108.716
Makalífeyrir	116.676	105.361
Barnalífeyrir	14.332	11.348
Samtals	1.423.151	1.253.098

Lífeyrisgreiðslur séreignardeilda sundurliðast þannig:

Lífeyrisgreiðslur úr Lífsverk 1	22.708	65.765
Lífeyrisgreiðslur úr Lífsverk 2	249.365	188.058
Lífeyrisgreiðslur úr Lífsverk 3	2.613	17.192
Samtals	274.686	271.015
Lífeyrisgreiðslur samtals	1.697.837	1.524.113

14. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris

Kostnaður vegna trúnaðarlækna, vottorða og fl.	213	289

15. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum greinast þannig:

Breyting á gangvirði hlutabréfa og hlutdeildarskírteina	17.270.890	7.965.860
Áhrif vegna breytinga á gengi gjaldmiðla	(232.457)	2.028.552
Arður hlutabréfa	479.657	230.012
Tekjur af eignarhlutum samtals	17.518.091	10.224.424

Hreinar tekjur 20 stærstu fjárfestinga í félögum og sjóðum:

Arion banki hf.	2.780.054	361.494
DNB Fund - Technology	75.850	100.645
Eik fasteignafélag hf.	464.658	167.736
Eyrir Invest hf	227.322	359.812
Festi hf	490.313	382.716
Hampiðjan hf.	708.338	718.586
Iceland Seafood International hf.	306.285	362.803
Katla Fund Global Value	183.812	176.438
Kvika hf.	946.389	425.175
LGT Sustainable Equity Fund Global	178.136	187.522
Marel hf.	368.527	712.076
Morgan Stanley HP Millennium	220.762	260.097
New Mountain Guardian III	28.451	0
Origo hf.	934.199	392.313
PIMCO Income Fund	(42.035)	174.322
Reginn hf.	405.892	508
Skeljungur hf	392.810	66.257
State Street World ESG Screened Index Equity I	82.374	94.142
Storebrand Global ESG	340.991	44.594
Vanguard ESG Developed World	231.264	7.389
Hreinar tekjur 20 stærstu fjárfestinga í félögum og sjóðum samtals	9.324.392	4.994.626

16. Hreinar tekjur af skuldabréfum greinast þannig:

	2021	2020
Skuldabréf haldið til gjalddaga:		
Ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf með ríkisábyrgð	672.434	582.087
Skuldabréf sveitarfélaga	222.663	165.191
Skuldabréf lánastofnana	113.619	91.312
Skuldabréf fyrirtækja	691.335	344.645
Sjóðfélagalán og önnur veðlán	1.359.339	1.328.798
Hreinar tekjur af skuldabréfum haldið til gjalddaga samtals	3.059.390	2.512.033
Skuldabréf færð á gangvirði:		
Ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf með ríkisábyrgð	273.130	341.480
Skuldabréf sveitarfélaga	244.335	138.114
Skuldabréf lánastofnana	263.387	412.135
Skuldabréf fyrirtækja	368.701	219.638
Sjóðfélagalán og önnur veðlán	13.172	10.651
Hreinar tekjur af skuldabréfum á gangvirði samtals	1.162.725	1.122.018
Hreinar tekjur af skuldabréfum samtals	4.222.115	3.634.051
Þar af áhrif gjaldmiðla á hreinar tekjur af skuldabréfum	15.295	140.552
Þar af breyting á niðurfærslu skuldabréfa sem greinist þannig:		
Skuldabréf	57	(146.576)
Lán til sjóðfélaga	4.503	8.936
	4.560	(137.640)

17. Afleiðusamningar

Í árslok var sjóðurinn með tvo virka kaupréttarsamninga sem sjóðurinn eignaðist í tengslum við kaup á hlutafé í útboði Icelandair í september 2020. Kaupréttirnir veita sjóðnum heimild til að kaupa hlutafé í félaginu á fyrirfram ákveðnum dagsetningum og verðum. Kaupréttunum fylgir engin skylda fyrir sjóðinn.
Kaupréttirnir eru skráðir á markað og eru virk viðskipti með þá. Sjóðurinn hefur fært upp virði þeirra miðað við markaðsverð í lok árs 2021.

Kaupréttur	Nafnverð	Nýtingartímabil	Samningsverð á hlut
ICEAIRW180222	21.001.138	08.02-18.02.2022	1,22
ICEAIRW120822	21.001.137	02.08-12.08.2022	1,30

18. Vaxtatekjur af handbæru fé

Vaxtatekjur af handbæru fé greinast þannig:		
Vaxtatekjur af handbæru fé	6.604	21.851
Gengismunur af handbæru fé	(26.921)	199.359
Vaxtatekjur af handbæru fé samtals	(20.317)	221.210

Skýringar, framhald:

19. Fjárvörslu- og eignastýringarkostnaður:

	2021	2020
Fjárfestingargjöld greinast þannig:		
Fjárfestingargjöld sjóða	30.618	21.429
Vörsluþóknanir	10.833	7.704
Umsýsluþóknanir vegna útvistunar eignastýringar	117.802	95.306
Önnur fjárfestingargjöld	327	207
Fjárfestingargjöld samtals	159.580	124.646

Bein fjárfestingargjöld árið 2021	**Samtrygging**	**Lífsverk 1**	**Lífsverk 2**	**Lífsverk 3**	**Samtals**
Aðrir erl. sjóðir um sam.fjárf.	30.618	0	0	0	30.618
Kaup- og söluþóknanir	34.699	0	0	0	34.699
Vörsluþóknanir	10.833	0	0	0	10.833
Umsýsluþókn. v. útvistunar	71.062	7.060	38.790	890	117.802
Önnur fjárfestingargjöld	327	0	0	0	327
Fjárfestingargjöld samtals	147.539	7.060	38.790	890	194.279

Áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld árið 2021	**Samtrygging**	**Lífsverk 1**	**Lífsverk 2**	**Lífsverk 3**	**Samtals**
Innlendir fjárfestingarsjóðir	15.230	0	0	0	15.230
Innlendir fagfjárfestasjóðir	131.157	3.738	21.070	1.569	157.534
Erlendir verðbréfasjóðir	79.165	5.199	20.899	0	105.263
Aðrir erl. sjóðir um sam.fjárf.	180.502	0	0	0	180.502
Önnur fjárfestingargjöld	23.611	0	0	0	23.611
Fjárfestingargjöld samtals	429.665	8.937	41.969	1.569	482.140

Fjárfestingargjöld samtals allar deildir árið 2021	**Bein fjárf. gjöld**	**Áætluð og reiknuð fjárf. gjöld**	**Fjárf. gjöld samtals**	**Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu**	**Hlutfall fjárfestingar-gjalda alls af meðaleign**
Innlendir fjárfestingarsjóðir	0	15.230	15.230	3.918.409	0,4%
Innlendir fagfjárfestasjóðir	0	157.534	157.534	10.314.760	1,5%
Erlendir verðbréfasjóðir	0	105.263	105.263	19.396.181	0,5%
Aðrir erl. sjóðir um sam.fjárf.	30.618	180.502	211.120	6.652.085	3,2%
Kaup- og söluþóknanir	34.699	0	34.699		
Vörsluþóknanir	10.833	0	10.833		
Umsýsluþókn. v. útvistunar	117.802	0	117.802		
Önnur fjárfestingargjöld	327	23.611	23.938		
Fjárfestingargjöld samtals	194.279	482.140	676.419		

Fjárfestingargjöld samtals allar deildir árið 2020					
Innlendir fjárfestingarsjóðir	0	13.960	13.960	2.625.527	0,5%
Innlendir fagfjárfestasjóðir	0	146.720	146.720	7.183.770	2,0%
Erlendir verðbréfasjóðir	0	98.900	98.900	14.761.081	0,7%
Aðrir erl. sjóðir um sam.fjárf.	21.429	136.595	158.024	5.924.725	2,7%
Kaup- og söluþóknanir	11.403	0	11.403		
Vörsluþóknanir	7.704	0	7.704		
Umsýsluþókn. v. útvistunar	95.306	0	95.306		
Önnur fjárfestingargjöld	207	19.141	19.348		
Fjárfestingargjöld samtals	136.049	415.316	551.365		

Skýringar, framhald:

20. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:

	2021	2020
Laun og launatengd gjöld	184.934	160.314
Rekstur upplýsingakerfa	37.170	34.334
Lögfræðiþjónusta	1.507	1.694
Fjármálaeftirlit, Landssamtök lífeyrissjóða og Umboðsmaður skuldara	18.242	17.009
Endurskoðun	8.751	9.452
Rekstur húsnæðis	8.910	8.474
Önnur aðkeypt þjónusta	6.156	2.047
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	3.262	3.628
Tryggingastærðfræðingur	2.593	2.604
Ýmis skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	24.005	24.106
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður samtals	295.530	263.662

21. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun og launatengd gjöld samtals	184.934	160.314
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	8,5	8

Laun stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefndar sundurliðast þannig:

Björn Ágúst Björnsson, formaður	2.947	2.838
Eva Hlín Dereksdóttir, varaformaður	2.210	1.872
Margrét Arnardóttir, stjórnarmaður og formaður endurskoðunarnefndar	1.845	1.674
Agnar Kofoed-Hansen, stjórn og endurskoðunarnefnd	1.066	1.023
Þorbergur Steinn Leifsson, stjórnarmaður	1.474	907
Jóhann Þór Jóhannsson, endurskoðunarnefnd	210	0
Thomas Möller, endurskoðunarnefnd	210	0
Varamenn og fyrrum stjórnar- og nefndarmenn	1.011	1.918
Framkvæmdastjóri	29.595	27.569
Forstöðumaður eignastýringar	7.820	0
Fv. forstöðumaður eignastýringar	14.680	21.456
Samtals	63.068	59.257

22. Þóknun til endurskoðenda og tryggingastærðfræðings sundurliðast þannig:

PwC ehf., endurskoðun ársreiknings	4.076	913
PwC ehf., könnun árshlutareiknings	1.363	1.215
KPMG ehf., endurskoðun ársreiknings	0	3.937
KPMG ehf., önnur þjónusta	0	29
Deloitte ehf., innri endurskoðun	3.024	3.387
Deloitte ehf., önnur þjónusta	289	0
TBG ehf., útreikningur á tryggingafræðilegri stöðu	1.929	1.642
TBG ehf., önnur þjónusta	664	963
Samtals	11.345	12.086

23. Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig:

	2021			2020
Eignarhlutir í skráðum innlendum félögum:	**Hlutdeild**	**Kostn.verð**	**Gangvirði**	**Gangvirði**
Arion banki hf	1,4%	1.918.962	4.372.892	2.248.693
Brim hf	0,2%	180.915	273.088	80.945
Eik fasteignafélag hf	3,9%	806.294	1.644.089	1.669.210
Eimskip hf	0,7%	350.937	623.561	273.345
Festi hf	2,5%	945.307	1.813.411	1.573.018
Fly Play hf	3,3%	391.779	539.631	0
Hagar hf	0,7%	393.859	575.669	640.068
Hampiðjan hf	4,4%	666.598	2.550.716	1.662.254
Iceland Seafood International hf	6,0%	1.623.223	2.413.377	1.609.852
Icelandair Group hf	0,5%	252.971	339.486	504.981
Íslandsbanki hf	0,1%	207.554	319.505	0
Kvika banki hf	2,5%	1.785.860	3.242.835	1.069.534
Marel hf	0,6%	2.275.654	4.340.761	3.010.266
Origo hf.	6,3%	736.205	1.970.605	1.155.353
Reginn hf	2,1%	717.186	1.279.612	1.031.393
Reitir fasteignafélag hf	1,5%	787.829	983.712	738.097
Síminn hf	0,7%	323.315	662.424	1.019.404
Sjóvá-Almennar tryggingar hf	0,9%	216.569	430.828	306.499
Skeljungur hf	4,0%	710.740	1.130.276	657.642
Sýn hf	2,1%	286.942	410.549	140.009
Vátryggingafélag Íslands hf	2,0%	434.587	777.752	851.901
Össur hf	0,1%	131.994	513.144	621.303
Önnur félög			13.386	1.569.294
			31.221.309	22.433.061
Eignarhlutir í óskráðum innlendum félögum og sjóðum:				
105 Miðborg slhf	11,3%	416.250	536.963	478.688
Akta SK1	10,9%	420.000	518.562	485.069
Akta Stokkur	1,6%	99.106	240.141	162.538
Akta Vaxtatækifæri	1,2%	127.276	138.911	104.929
Alda Credit Fund slhf	5,9%	92.400	123.210	119.520
Alda Credit Fund II slhf	3,4%	50.000	61.400	59.300
Alda Credit Fund III slhf	4,1%	170.000	180.095	140.687
Bakkastakkur slhf	1,9%	87.649	152.509	1
Blávarmi slhf	1,5%	255.441	323.015	255.467
Brunnur vaxtarsjóður II slhf.	5,4%	34.157	28.695	0
Crowberry I slhf	2,0%	59.533	72.401	44.588
Eyrir Invest hf	1,3%	503.043	1.737.261	1.528.998
Eyrir Vöxtur slhf	5,0%	45.000	45.000	0
Fagfjárfestasjóðurinn Credit Opp. Fund	6,3%	151.926	159.296	254.873
Fagfjárfestasjóðurinn IFIF	10,1%	1.125.239	1.446.253	1.339.160
FÍ fasteignafélag slhf	3,0%	141.802	144.350	137.189
Freyja framtakssjóður slhf	2,5%	95.643	71.419	53.527
Frumtak 2 slhf	4,1%	206.088	503.514	213.462
geoSilica Iceland hf	6,7%	50.000	30.000	30.000
Horn III slhf	2,5%	254.500	227.345	169.752
Iðunn framtakssjóður slhf	7,4%	147.960	147.960	0
Innviðir fjárfestingar slhf	7,3%	315.620	300.470	206.954
ÍV Skammtímasjóður	1,4%	199.126	200.276	59.651
Jarðvarmi slhf	1,8%	378.906	546.070	481.384

Framhald á næstu síðu

23. Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig, framhald:

	2021			2020
	Hlutdeild	Kostn.verð	Gangvirði	Gangvirði
Framhald frá fyrri síðu				
Kerecis hf	1,4%	175.793	748.043	197.759
Kjölfesta slhf	13,2%	227.477	261.505	229.524
Kvika - Innlend hlutabréf	1,1%	100.000	141.927	0
Kvika - Innlend skuldabréf	2,0%	214.002	247.393	182.299
Kvika - Sértryggð skuldabréf	2,1%	39.987	47.761	46.122
Kvika - Veðskuldabréf hs.	14,0%	892.679	985.563	588.816
Landsbréf - Hvatning slhf	6,0%	505.194	711.313	424.363
Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður II	6,1%	215.224	222.283	61.359
Landsbréf - Veðskuldabréfasafn slhf	5,7%	23.185	34.907	38.593
Landsbréf - Veltubréf II	2,1%	556.828	560.115	1.101.973
Landsbréf - Icelandic Tourism Fund I slhf	5,1%	165.358	166.199	150.393
Loðnuvinnslan hf	5,6%	627.622	701.859	0
MF1 slhf	2,5%	48.172	69.271	85.499
Norðurturninn hf	9,9%	152.624	473.230	343.875
ST1 hs	11,6%	1.005.208	1.163.390	837.558
Stefnir - ÍS 5	2,7%	274.617	489.315	421.208
Stefnir - Skuldabréfaval	0,7%	147.398	168.601	174.571
Stoðir hf	0,5%	122.653	235.380	100.886
TFII slhf	5,0%	123.641	204.131	156.653
Veðskuldabréfasjóður ÍV	4,5%	35.000	57.897	54.414
Verðbréfamiðstöð Íslands hf.	2,7%	76.769	18.192	14.995
Önnur félög og sjóðir			103.616	2.807.945
			15.747.007	14.344.542
Eignarhlutir í skráðum erlendum félögum og sjóðum:				
AEA ESG sérgreint safn		1.050.904	1.838.693	1.569.598
Amundi Funds - Global Aggregate Bond	0,0%	319.807	332.169	327.394
Amundi Global EM Blended Bond	0,0%	124.398	150.366	162.166
Amundi Index MSCI Europe SRI	0,1%	253.470	320.651	190.940
Amundi MSCI World Climate Transition	0,2%	298.015	618.886	495.195
Ashmore - Emerging Market	6,1%	168.505	281.754	248.354
Ashmore - Emerging Market TRF	0,1%	302.951	284.086	310.313
BlueBay IG Global Aggregate Bond	0,7%	911.259	954.825	940.801
DNB Fund - Technology	1,0%	1.171.470	1.422.944	377.012
DNB High Yield	0,1%	317.175	322.241	299.163
DNB Obligasjon III	0,1%	445.073	481.121	486.571
GAM Star Disruptive Growth	0,3%	99.435	273.907	269.065
GAM Star Japan Leaders	0,2%	89.481	114.566	61.298
GAM Sustainable Emerging Equity	7,7%	181.536	183.712	0
Hermes Investment Funds - Global EM	0,0%	441.646	435.470	402.648
Invesco EQQQ NASDAQ-100 ETF	0,0%	111.189	194.726	147.745
iShares Core S&P 500 ETF	0,0%	219.699	432.694	326.379
iShares MSCI USA ESG Enhanced ETF	0,1%	344.945	418.700	301.501
iShares MSCI EM ESG Enhanced ETF	0,1%	104.376	132.570	134.564
JPMorgan Funds - Emerging Market	0,1%	184.460	308.710	281.641
Katla Fund Global Value	4,1%	1.134.658	1.588.184	667.372
LGT Sustainable Equity Fund Global	0,9%	1.168.470	1.574.225	1.049.767

Framhald á næstu síðu

23. Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig, framhald:

	2021			2020
	Hlutdeild	Kostn.verð	Gangvirði	Gangvirði
Framhald frá fyrri síðu				
Lyxor Hwabao WP MSCI China	0,6%	192.831	192.655	0
Montanaro Better World Fund	0,1%	156.400	193.858	160.324
Montanaro European Smaller Comp. Fund	0,8%	333.063	731.433	599.811
Pareto Nordic Corporate Bond A	0,1%	136.836	155.666	148.218
PIMCO Climate Bond Fund	0,9%	463.300	440.167	0
PIMCO Income Fund	0,0%	865.467	1.136.390	1.026.724
Skagen M2	2,1%	448.322	595.422	488.230
State Street World ESG Screened Index Eq	0,1%	1.107.804	1.314.017	304.618
Storebrand Global ESG	1,0%	1.389.754	1.775.338	1.430.194
T.Rowe Price - Global Focused Growth	0,2%	789.114	892.639	732.463
Threadneedle - Global Corporate Bond	0,4%	280.104	276.720	273.686
Threadneedle - Global Focus	0,2%	354.116	513.675	404.558
Threadneedle - Global Small Comp.	0,1%	265.423	316.489	139.217
UBS S&P 500 ESG ETF	0,2%	336.249	542.767	399.968
UBS Real Estate Funds Select	0,1%	453.728	566.589	484.977
Vanguard ESG Developed World	0,5%	1.951.430	2.190.083	983.145
Wellington Global Quality Growth	0,1%	676.534	808.125	669.699
Önnur félög og sjóðir			259.231	2.248.486
			25.566.464	19.543.805
Eignarhlutir í óskráðum erlendum félögum og sjóðum:				
Alkeon Growth Partners	0,4%	321.756	656.855	709.446
Ashbridge Tr. Sec. Fund II	6,5%	400.280	404.178	0
GAMMA: Anglia	4,7%	140.990	14.234	87.816
KKR Asian Fund IV	0,1%	229.920	240.809	0
KKR Global Infrastructure Investors III	1,3%	539.918	591.070	460.665
LPE II	3,7%	24.964	43.930	50.025
LPE II -B	3,6%	467.387	847.055	748.961
Morgan St. HP Millennium	0,9%	1.170.922	1.314.197	1.282.398
Morgan St. Div. Credit Opp. Fund I	3,3%	278.009	376.662	423.920
Morgan St. Div. Credit Opp. Fund II	1,7%	262.273	301.764	84.579
Morgan St. Private Equity Co-Inv. Fund I	1,2%	230.798	648.995	643.002
Morgan St. Private Equity Co-Inv. Fund II	1,0%	380.940	483.273	190.815
Morgan St. Private Markets Fund VI	0,9%	281.034	667.801	552.659
NB Euro Crossroads 2018	1,9%	443.176	722.535	335.653
NB Private Debt Fund IV	0,3%	429.994	459.309	0
New Mountain Guardian III	0,9%	1.034.720	1.043.040	0
New Mountain Partners VI	0,1%	299.543	302.284	0
Obligo Global Infrastruktur II	8,2%	511.681	551.815	438.671
Önnur félög og sjóðir			95.285	246.643
			9.765.091	6.255.253
Samtals eignarhlutir í félögum og sjóðum			82.299.871	62.576.661

Skýringar, framhald:

24. Skuldabréf greinast þannig:

	2021	2020
Skuldabréf metin á gangvirði		
Ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf með ríkisábyrgð	5.811.301	4.784.922
Skuldabréf sveitarfélaga	3.468.043	2.170.591
Skuldabréf lánastofnana	7.803.572	5.821.126
Skuldabréf fyrirtækja	5.575.553	3.603.852
Sjóðfélagalán og önnur veðlán	155.617	142.445
	22.814.086	16.522.936
Skuldabréf haldið til gjalddaga		
Ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf með ríkisábyrgð	9.597.116	7.762.141
Skuldabréf sveitarfélaga	3.334.763	2.403.742
Skuldabréf lánastofnana	1.461.227	1.583.032
Skuldabréf fyrirtækja	6.444.976	6.683.303
Sjóðfélagalán og önnur veðlán	19.963.780	21.383.743
	40.801.862	39.815.961
Skuldabréf samtals	63.615.948	56.338.897
Áætlað gangvirði skuldabréfa haldið til gjalddaga í árslok	43.321.400	42.087.690

Sjóðfélagalán og önnur veðlán greinast þannig:

Lán til sjóðfélaga	14.455.153	16.424.054
Niðurfærsla sjóðfélagalána í árslok	(15.255)	(19.758)
Önnur veðskuldabréf	5.679.499	5.121.892
	20.119.397	21.526.188

25. Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum í lok árs 2021:

	Í íslenskum kr.	Í erl. mynt	Samtals
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	45.468.505	36.831.366	82.299.871
Skuldabréf	62.902.525	713.423	63.615.948
Afleiðusamningar	25.621	0	25.621
Bundnar bankainnstæður	40.037	0	40.037
	108.436.688	37.544.789	145.981.477

	Samtals	Hlutfall
Fjárfesting í ISK	108.436.688	74%
Fjárfesting í USD	21.785.335	15%
Fjárfesting í EUR	13.000.601	9%
Fjárfesting í SEK	983.270	1%
Fjárfesting í NOK	959.028	1%
Fjárfesting í öðrum gjaldmiðlum	816.555	1%
	145.981.477	100%

26. Þrepaskipting gangvirðis

Við mat á gangvirði fjárfestinga er stuðst við þrepaskipta verðmatsaðferð. Verðmatsþrepin eru þrjú og stýrast þau af áreiðanleika þeirra forsenda sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis eignanna. Skilgreining þrepanna er þannig:

1. þrep	Gangvirði sem byggir á viðskiptum skráðra bréfa á virkum markaði.
2. þrep	Gangvirðið byggir ekki á verði á virkum markaði í 1. þrepi heldur sannreynanlegum upplýsingum um eignina svo sem nýleg viðskipti, innra virði eða öðrum mikilvægum markaðsupplýsingum.
3. þrep	Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. T.d. verðmöt frá þriðja aðila, verðmöt sem sjóðurinn framkvæmir sjálfur byggt á afkomu, undirliggjandi eignum, samanburði við sambærilegar eignir og ríkjandi markaðsskilyrði eða öðrum viðurkenndum aðferðum.

Þrepaskipting fjárfestinga á gangvirði í lok árs 2021:

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	60.475.727	21.566.242	257.902	82.299.871
Skuldabréf	20.275.528	2.538.558	0	22.814.086

Þrepaskipting fjárfestinga á gangvirði í lok árs 2020:

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	48.444.788	12.767.029	1.364.844	62.576.661
Skuldabréf	14.668.936	1.854.000	0	16.522.936

27. Rekstrarfjármunir

Árið 2021	**Rekstrar-fjármunir**
Heildarverð 1.1.2021	17.658
Afskrifað 1.1.2021	(11.239)
Viðbót á árinu	8.046
Afskrifað á árinu	(3.262)
Selt og niðurlagt á árinu	(766)
Afskriftir af seldu og niðurlögðu á árinu	766
Bókfært verð 31.12.2021	11.203
Stofnverð 31.12.2021	24.938
Afskrifað 31.12.2021	(13.735)
Bókfært verð 31.12.2021	11.203
Afskriftahlutföll	20 - 30%

28. Skuldbindingar utan efnahags

Í árslok 2021 voru skuldbindingar sjóðsins vegna fjárfestingaloforða í framtakssjóðum að fjárhæð 8.770 milljónir króna.

29. Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar er reiknuð í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997 og ákvæði IV kafla reglugerðar nr. 391/1998. Útreikningurinn er gerður af tryggingastærðfræðingi sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs og starfar sjálfstætt utan sjóðsins.

Útreikningur á tryggingafræðilegri stöðu í lok árs 2021 byggir á nýjum dánar- og lífslíkum sem samþykktar voru af fjármálaráðherra að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Nýjar dánar- og lífslíkur eru reiknaðar miðað við breyttar forsendur á reiknigrunni um lífslíkur þar sem byggt er á spá um lífslíkur en ekki sögulegum gögnum eins líkurnar voru áður byggðar á.

Þessi breyting hefur töluverð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Ef áfram hefði verið byggt á eldri dánar- og lífslíkum þá hefði heildarstaða sjóðsins verið jákvæð um 8,6%, þar sem staða áfallinna skuldbindinga væri jákvæð um 13,9% en staða framtíðarskuldbindinga væri neikvæð um 1,2%. Miðað við nýjar dánar- og lífslíkur þá er heildarstaða sjóðsins neikvæð um 0,2%, þar sem staða áfallinna skuldbindinga er jákvæð um 5,6% en staða framtíðarskuldbindinga er neikvæð um 10,6%.

Lífeyrisskuldbinding sjóðsins í árslok 2021 greinist þannig í milljónum króna:

Yfirlit um breytingar á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar í milljónum króna:

Eignir	**2021**	**2020**
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í árslok	170.999	146.597
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í ársbyrjun	146.597	134.964
Hækkun endurmetinnar eignar á árinu	24.402	11.633
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok	171.310	144.916
Skuldbindingar í ársbyrjun	144.916	134.867
Hækkun skuldbindinga á árinu	26.394	10.049
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	(1.992)	1.584

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar í milljónum króna:

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	92.089	83.577
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	7.740	5.912
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	4.189	3.949
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	(1.423)	(1.253)
Hækkun vegna nýs reiknigrundvallar	8.014	0
Hækkun (lækkun) vegna annarra breytinga	(132)	(96)
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	110.476	92.089

30. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring

Í daglegri starfsemi sjóðsins eru margir þættir sem geta haft áhrif á rekstur hans og afkomu. Stjórn Lífsverks hefur mótað áhættustefnu fyrir sjóðinn í þeim tilgangi að skilgreina skipulag, umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, að skilgreina þá áhættuþætti sem sjóðurinn vill fylgjast með og jafnframt að skilgreina hvernig fylgst verður með þessum áhættuþáttum. Hluti af áhættustefnu sjóðsins er gerð áhættuskrár og áhættudagskrár, þar sem farið er yfir alla áhættuþætti, hvar og hvernig þeir eru mældir og þeir flokkaðir eftir mikilvægi. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á mótun og setningu stefnunnar og framkvæmdastjóri ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar. Breytingar á henni eru lagðar fyrir stjórn sjóðsins til samþykktar. Áhættustefnan nær yfir starfsemi sjóðsins, en ekki félaga og/eða fyrirtækja í eigu sjóðsins.

Áhættustefna Lífsverks er sett í samræmi við reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með starfsemi lífeyrissjóða. Saman ná áhættustefna sjóðsins og fjárfestingarstefna yfir áhættu- og áhættustýringarstefnu í samræmi við reglugerðina. Tekið er tillit til stærðar, mannafla og einkenna við mat á hæfilegu umfangi áhættustýringar sjóðsins.

Áhættustefna sjóðsins er yfirfarin og uppfærð árlega.

Stórn ber ábyrgð á að framkvæmt sé eigið áhættumat a.m.k. árlega og hvenær sem verulegar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins. Eigið áhættumat skal taka tillit til allra viðeigandi áhættuþátta, vera framsýnt og í samræmi við rekstur og stefnur sjóðsins. Stjórn rýnir ferlið við gerð eigin áhættumats og endurskoðar forsendur og niðurstöður. Endanlegu áhættumati er skilað til Fjármálaeftirlitsins fyrir lok júní ár hvert.

Áhætta er skilgreind sem hætta á atburði sem dregur úr líkunum á því að lífeyrissjóðurinn nái markmiðum sínum, en meginmarkmið lífeyrissjóðsins er að greiða lífeyri samkvæmt samþykktum.

Áhætta samtryggingardeildar er því öll þau atvik er geta marktækt haft áhrif á getu lífeyrissjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar, þ.e. að tryggingafræðileg staða verði neikvæð til skemmri eða lengri tíma, samanber 2. mgr. 39. laga nr. 129/1997. Áhættan nær bæði til atvika er lúta að eignum og skuldbindingum.

Áhætta séreignardeilda er því öll þau atvik sem auka marktækt líkurnar á því að eignir/réttindi rétthafa skerðist til skemmri eða lengri tíma.

Áhættuflokkun

Áhættu samtryggingardeildar sjóðsins er skipt í fjárhagslega áhættu, lausafjáráhættu, mótaðilaáhættu, lífeyristryggingaráhættu og rekstraráhættu. Áhættu séreignardeilda er skipt í fjóra flokka; fjárhagslega áhættu, lausafjáráhættu, mótaðilaáhættu og rekstraráhættu.

Fjárhagsleg áhætta, lausafjáráhætta, mótaðilaáhætta og lífeyristryggingaráhætta er áhætta tengd eignum og skuldbindingum sjóðsins (efnahagsreikningi sjóðsins). Rekstraráhætta á m.a. rætur að rekja til áhættu tengdri upplýsingakerfum sjóðsins, framkvæmd viðskipta, ófullnægjandi verkferlum eða vanhæfi starfsmanna m.t.t. þekkingar, reynslu eða heilinda.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu flokkum áhættu en innan hvers flokks eru síðan skilgreindir áhættuþættir, sem eru í heildina 28 í rekstri samtryggingardeildar lífeyrissjóðsins og 22 í rekstri séreignardeilda.

Fjárhagsleg áhætta

Fjárhagsleg áhætta er fólgin í hættunni á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði verðbréfa. Undir fjárhagslega áhættu falla vaxta- og endurfjárfestingaráhætta, uppgreiðsluáhætta, markaðsáhætta, gjaldmiðlaáhætta, verðbólguáhætta, áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings og ósamræmisáhætta er varðar samtryggingardeild, en þar er átt við hættuna á ósamræmi í breytingum á markaðsvirði eigna annars vegar og skuldbindinga hins vegar.

Liður í eftirliti með fjárhagslegri áhættu eru skýrar verklagsreglur og vinnulag, þ.m.t. aðferðir til að vakta, meta og stýra þeim áhættum sem starfsemi sjóðsins fylgja. Stjórn sjóðsins fær mánaðarlegar skýrslur um fjárhagsstöðu sjóðsins og yfirfer ársfjórðungslega áhættuskýrslur og álagspróf.

30. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring, framhald:

Lausafjáráhætta
Lausafjáráhætta er annars vegar seljanleikaáhætta, sem felur í sér þá áhættu að ekki sé hægt að selja (eða kaupa) tiltekinn fjármálagerning á viðunandi verði með stuttum fyrirvara og hins vegar útstreymisáhætta, sem er sú áhætta að ekki sé hægt að standa við greiðslur í krónum eða erlendum myntum, t.d. vegna lífeyrisskuldbindinga, skuldbindinga í sjóðum, vegna uppgjörs samninga eða úttekta á séreignarsparnaði. Seljanleikaáhætta getur komið til vegna óvenjulegra markaðsaðstæðna en einnig vegna eiginleika viðkomandi fjármálagernings. Algengur mælikvarði á seljanleika fæst með því að athuga veltu tiltekinna verðbréfa og bera saman við eignastöðu sjóðsins í sama flokki verðbréfa. Meta þarf útstreymisáhættu með því að skoða vænt nettó innstreymi/útstreymi lífeyrissjóðsins og meta áhættu á fráviki frá þeirri áætlun.

Mótaðilaáhætta
Mótaðilaáhætta samanstendur af útlánaáhættu, samþjöppunaráhættu, landsáhættu og afhendingar- og uppgjörsáhættu. Útlánaáhætta er sú áhætta að mótaðilar standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum eða vegna samninga sem fela í sér útlánaígildi. Samþjöppunaráhætta er heildaráhætta eignasafns af tilteknum mótaðila og aðilum honum tengdum. Landsáhætta er hættan á að fjárfestingar sjóðsins séu of tengdar einu landi eða landsvæði. Afhendingar- og uppgjörsáhætta er sú áhætta að uppgjör viðskipta sé ekki í samræmi við fyrirmæli, eða að eignir tapist vegna gjaldþrots (eða greiðslufalls) vörsluaðila, þegar eignir sjóðsins eru í vörslu hjá 3ja aðila.

Mótaðilaáhætta er metin áður en viðskipti eiga sér stað og með reglubundnum hætti, m.a. með áhættuflokkun og skýrslugjöf til stjórnar og eftirlitsaðila.

Lífeyristryggingaráhætta
Felst í hættunni á því að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga ef skuldbindingar vaxa meira en eignir, hættu sem stafar af miklum samdrætti í iðgjöldum, hættu á neikvæðri þróun í ytra umhverfi sjóðsins, hættu á að lýðfræðileg samsetning sjóðfélaga breytist á þann veg að skuldbindingar hækki umfram áætlanir og hættu á að sjóðfélagar flytji réttindi sín. Lífeyristryggingaráhætta er metin árlega af tryggingastærðfræðingi sjóðsins og gerð eru álagspróf sem sýna hvaða áhrif breytingar á mismunandi forsendum hafa á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Rekstraráhætta
Rekstraráhætta er almenn hætta á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika, almenn áhætta sem snýr að hlítingu starfsmanna við lög og reglur, samþykktir og verkferla, áhætta vegna svika, sem valdið geta sjóðnum fjárhagslegu tjóni, áhætta vegna vél- og hugbúnaðar, sem notaður er í daglegum rekstri, orðsporsáhætta og pólitísk áhætta. Undir rekstraráhættu flokkast einnig skjalaáhætta, úrskurðaráhætta lífeyris, áhætta vegna útvistunar og upplýsingaáhætta.

Helstu tæki til að takmarka rekstraráhættu er að tryggja að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög og reglugerðir, skýrar starfsreglur, verkferlar og verklýsingar og öflugt innra eftirlit, sem m.a. tryggir aðgreiningu starfa innan sjóðsins. Í áhættustefnu sjóðsins er skilgreint hvernig eftirliti með rekstraráhættu er háttað. Þá gerir innri endurskoðandi sjóðsins úttekt á innra eftirliti árlega.

Næmnigreining áhættuþátta
Ársfjórðungslega lætur sjóðurinn taka saman yfirlit um það hvaða áhrif mismunandi sviðsmyndir sem stafa frá fjármálagerningum og skuldbindingum sjóðsins kynnu að hafa á tryggingafræðilega stöðu. Skoðað er hvaða áhrif verðbólguskot kynni að hafa, skyndilegar breyting á virði innlendra og erlendra hlutabréfa, breyting á gengi krónu og samspil verðbólgu og gengi krónu. Hér að neðan er yfirlit sem sýnir eðli og umfang helstu áhættuþátta og áætluð breyting á tryggingafræðilega stöðu eftir eitt ár:

30. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring, framhald:

Áhættuþáttur / sviðsmyndir	Tryggingafræðileg staða	Breyting trygginga-fræðilegrar stöðu
Núverandi staða	-0,2%	0,0%
Verðbólga 6%	-1,5%	-1,3%
Lækkun á virði erlendra hlutabréfa um 25%	-4,8%	-4,7%
Hækkun á virði erlendra hlutabréfa um 20%	1,0%	1,2%
Hækkun á gengi krónu um 10%	-2,0%	-1,8%
Lækkun á gengi krónu um 10%	1,9%	2,0%
Lækkun á virði innlendra hlutabréfa um 15%	-4,6%	-4,4%
Hækkun á virði innlendra hlutabréfa um 25%	2,5%	2,7%
Verðbólga 6% og lækkun á gengi krónu um 10%	0,6%	0,8%
Verðbólga 1% og hækkun á gengi krónu um 10%	-1,2%	-1,0%

Reglulega eru gerð álagspróf en markmið þeirra er að meta hvort munur á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga verði meiri en 10% en þá er samkvæmt lögum skylt að gera nauðsynlegar breytingar á og með sama hætti ef þessi munur hefur haldist 5% eða meiri síðastliðin 5 ár. Við álagsprófið er horft til undirliggjandi eigna í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum.



Skýringar, framhald:

31. Kennitölur:

Samtryggingardeild	2021	2020	2019	2018	2017
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram heildar skuldbind.	(0,2%)	1,2%	0,1%	(2,1%)	1,5%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbind.	5,6%	2,4%	0,7%	(0,6%)	2,4%
Ávöxtun:					
Hrein raunávöxtun	11,9%	9,3%	9,0%	1,1%	3,6%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðastliðin fimm ár	6,9%	5,1%	4,9%	4,3%	5,0%
síðastliðin tíu ár	6,1%	5,0%	3,8%	2,9%	(1,0%)
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	41,0%	37,1%	30,8%	25,9%	27,5%
Skráð skuldabréf	27,1%	27,6%	27,8%	31,6%	36,4%
Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	18,3%	16,8%	15,7%	15,8%	13,3%
Óskráð skuldabréf	13,7%	18,5%	24,6%	26,6%	22,8%
Afleiðusamningar	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,0%
Bundnar bankainnstæður	0,0%	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	71,3%	74,9%	75,9%	77,4%	80,5%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum samtals	28,7%	25,1%	24,1%	22,6%	19,5%
Fjöldi:					
Fjöldi virkra sjóðfélaga	3.123	3.005	2.964	2.842	2.757
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	5.501	5.265	5.094	4.932	4.716
Fjöldi lífeyrisþega	583	543	503	463	419
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	82,9%	82,0%	80,2%	80,9%	80,2%
Örorkulífeyrir	7,9%	8,7%	9,7%	9,3%	9,0%
Makalífeyrir	8,2%	8,4%	8,8%	9,1%	9,9%
Barnalífeyrir	1,0%	0,9%	1,4%	0,7%	0,9%
Fjárhæðir á föstu verðlagi:					
Iðgjöld alls	4.399.808	4.138.913	4.089.889	4.012.429	3.817.317
Lífeyrir alls	1.465.176	1.348.202	1.265.491	1.120.308	969.185
Hreinar fjárfestingartekjur	17.788.716	12.185.832	9.929.860	3.653.338	4.130.713
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	252.413	240.082	251.107	240.000	234.230
Hækkun á hreinni eign	20.470.935	14.736.461	12.503.151	6.305.458	6.744.614
Aðrar kennitölur:					
Stöðugildi á árinu	8,5	8	8	7,75	7
Lífeyrisbyrði	33,3%	32,6%	30,9%	27,9%	25,4%
Hreinar fjárf.tekjur af meðalstöðu eigna	16,1%	12,5%	11,5%	4,6%	5,5%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður					
í hlutfalli af iðgjöldum	5,74%	5,80%	6,14%	5,98%	6,14%
í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,23%	0,25%	0,29%	0,30%	0,31%

Skýringar, framhald:

31. Kennitölur, framhald:

Séreignardeild:	2021	2020	2019	2018	2017
Lífsverk 1					
Hrein raunávöxtun	17,3%	12,3%	12,9%	(1,7%)	4,4%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	8,8%	5,0%	4,9%	3,1%	5,5%
Verðbréfaeign skiptist þannig:					
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	60,8%	66,6%	58,7%	48,6%	53,0%
Skuldabréf	39,2%	33,4%	41,3%	51,4%	47,0%
Eignir í íslenskum krónum	83,4%	80,0%	83,3%	93,4%	94,2%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	16,6%	20,0%	16,7%	6,6%	5,8%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	730	681	653	614	536
Fjöldi lífeyrisþega	17	39	4	4	1
Lífsverk 2					
Hrein raunávöxtun	9,6%	7,6%	9,9%	1,0%	5,6%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	6,7%	5,1%	4,8%	3,2%	3,3%
Verðbréfaeign skiptist þannig:					
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	41,7%	44,2%	33,6%	33,7%	27,1%
Skuldabréf	58,2%	55,8%	66,4%	66,3%	72,9%
Eignir í íslenskum krónum	86,8%	85,4%	88,5%	94,5%	98,4%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	13,2%	14,6%	11,5%	5,5%	1,6%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	2.481	2.431	2.330	2.244	2.247
Fjöldi lífeyrisþega	105	112	71	58	49
Lífsverk 3					
Hrein raunávöxtun	(1,7%)	2,3%	2,7%	0,6%	3,1%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	1,4%	2,3%	2,4%	2,5%	2,6%
Verðbréfaeign skiptist þannig:					
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	31,8%	30,5%	33,6%	21,6%	19,5%
Skuldabréf	62,5%	63,4%	58,0%	74,5%	75,9%
Annað	5,7%	6,0%	8,3%	3,9%	4,6%
Eignir í íslenskum krónum	98,7%	98,5%	98,1%	100,0%	100,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	1,3%	1,5%	1,9%	0,0%	0,0%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	142	139	124	113	91
Fjöldi lífeyrisþega	7	11	3	2	5

LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR

Engjateigi 9 - 105 Reykjavík
www.lifsverk.is